

Internetið og samfélagsmiðlar



Sögur sem mega ekki gleymast



Menning > 17

Lífið > 20

# FRÉTTABLAÐIÐ

243. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FÖSTUDAGUR 4. NÓVEMBER 2022



Mikill fjöldi fólks var samankominn á Austurvelli í gær til að mótmæla brottvísunum íslenskra stjórnvalda á umsækjendum um alþjóðlega vernd sem hafa þegar fengið stöðu sína viðurkennda í Grikklandi. Til stóð að flytja 28 manns en þrettán þeirra fundust ekki þegar þeirra var leitað.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Biskup biður um miskunn fyrir hælisleitendur

Mikil mótmælaalda reis í gær vegna harkalegrar brottvísunar hóps hælisleitenda sem flogið var með úr landi í fyrrinótt. Séra Agnes M. Sigurðardóttir biskup er vonsvikin.

gar@frettabladid.is

**STJÓRNSÝSLA** „Mér eru mikil vonbrigði að ég skuli búa í svona landi þar sem einhver lög leyfa að svona gjörningar fari fram; að fólk sé vakið upp um miðja nótt, tekið af lögreglunni út í bíl og keyrt upp á flugvöll og flogið til útlanda,“ segir Agnes M. Sigurðardóttir biskup um brottvísun hóps hælisleitenda í fyrrinótt. Fimmtán hælisleitendur voru

fluttir af landi brott í leiguflugvél íslenskra stjórnvalda frá Keflavíkurflugvelli til Grikklands. Upphaflega stóð til að flytja 28 manns en þrettán fundust ekki er lögreglan leitaði þeirra. Aðgerðirnar hafa vakið afar hörð viðbrögð og var mótmælt á Austurvelli síðdegis í gær.

„Ég hef talið mér trú um það að lögin í landinu séu byggð á kristnum gildum og svona aðgerðir eru ekki í þeim anda,“ segir séra Agnes. „Ég bara botna ekki því að bjóða fólki, sem hefur verið hér í stuttan eða langan tíma og er bara að leita hér skjóls og friðar í sitt hjarta, að vera tekið úr landi. Og ég vil ekki að þjóðfélagið sé byggt upp af svona hörku. Miskunn og mildi eru lykilorð.“



Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.



Ég vil ekki að þjóðfélagið sé byggt upp af svona hörku.

Agnes nefnir stúlkur úr hópi hælisleitenda sem voru gripnar af lögreglu fyrir utan Fjölbrautaskólann við Ármúla þar sem þær voru við nám. „Mig skortir skilning til að botna í þessu. Við kristið fólk segjum að við hjálpum öðrum af því að við erum kristin en ekki af því að þau eru kristin,“ segir biskupinn

og biðlar til alþingismanna um að breyta lögnum. „Lög landsins eru ekki skráð í einhverjar rollur frá því árið núll heldur eru búin til hér á landi og það er enginn vandi að breyta þeim.“

Jón Gunnarsson dómsmálaráðherra segir að lögreglan hafi verið að framfylgja skyldum með handtökunum. „Ég hef ekkert meira um þetta að segja, þessu samtali er lokið,“ sagði ráðherrann í gær.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra sagði í fjölmiðlum í gær að ýmsum spurningum væri ósvarað vegna brottvísananna. Hún hefði óskað eftir upplýsingum frá dómsmála- og félagsmálaráðuneytinu vegna málsins. ■



Rafmagnaður

**e-tron 55**

→ Stuttur afhendingartími

**HEKLA** Laugavegi 172, 105 Rvk. → [www.hekla.is/audisalur](http://www.hekla.is/audisalur)



Búnaður bifreiða til sölu getur verið ólíkur þeirri mynd sem sýnd er á mynd.



## Sex dæmdir í umfangsmiklu svikamáli

kristinnhaukur@frettabladid.is

**DÓMSMÁL** Sex menn voru sakfelldir í Héraðsdómi Reykjaness á miðvikudag í umfangsmiklu fjársvikamáli. Einn sakborningur var sýknaður og mál gegn öðrum fellt niður.

Eins og Fréttablaðið greindi frá þann 10. september voru hin ákærðu sökuð um að svíkja fé út úr Ábyrgðarsjóði launa í gegnum ýmis félög og teygðu málin sig meira en áratug aftur í tímann. Öll tengjast þau fjölskyldu- eða vinaböndum.



Tveir hlutu tveggja ára skilorðsbundinn fangelsisdóm.

Þyngstu dómana fengu Eggert Skúli Jóhannesson og Jóhann Ósland Jósefsson, það er tveggja ára skilorðsbundinn fangelsisdóm. Aðrir fengu sex til tíu mánaða skilorðsbundna fangelsisdóma. Þar á meðal sonur Eggerts, Jóhannes Gísli Eggertsson, sem á langa sögu auðunarbrota að baki. ■

## Brynju lokað í síðasta sinn



„Þetta er mjög sérstök tilfinning,“ segir Brynjólfur Björnsson, kaupmaður í Brynju, sem lokaði verslun sinni í dag eftir að hafa staðið vaktina frá 1965, en búðin rekur sögu sína allt aftur til 1919. Hann kveðst hafa selt húsið góðu fólki sem áhuga hafi á gömlum húsum. „Svo vonandi verður nú hvorki krá né lunda-búð hér á komandi árum, það er nóg komið af þeim á Laugaveginum,“ segir Brynjólfur, orðinn áttræður og getur horft stoltur um öxl. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**



Bjarni og Guðlaugur hittust á fréttavakt Hringbrautar. **FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK**

## Báðir bjartsýnir fyrir landsfundinn

arnartomas@frettabladid.is

**STJÓRNMÁL** Landsfundur Sjálfstæðisflokksins hefst í Laugardalshöll í dag og stendur fram á sunnudag. Þar er búist við vel á annað þúsund fulltrúum Sjálfstæðisfélaga um allt land. Á fundinum fer að vanda fram stefnumótun flokksins en efst á baugi verður formannslagur Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra og Guðlaugs Þórs Þórðarsonar umhverfisráðherra. Talsverður hiti

hefur verið í kosningabaráttunni á undanförunum dögum.

„Við göngum glöð og bjartsýn inn í helgina og tökum öllu fagnandi,“ segir Gunnar Hnefill Örlygsson sem hefur tekið þátt í kosningabaráttu Guðlaugs Þórs. Hersir Aron Ólafsson, aðstoðarmaður Bjarna, tekur í sama streng.

„Það er góð stemning hjá okkur. Við erum gríðarlega spennt fyrir fundinum og að hitta þetta góða fólk eftir langa bið,“ segir hann. ■

## Íbúar í miðbænum fengið nóg af látum næturlífsins

Íbúar í miðbæ Reykjavíkur lýstu yfir andúð sinni á hávaðanum sem fylgir næturlífinu í miðborg Reykjavíkur á málþingi í gær. Skemmtistadareigandi telur að hljóðmengun sé ekki almennt vandamál og vill leysa úr málinu í samstarfi.

benediktarnar@frettabladid.is

**REYKJAVÍK** Íbúar í miðborg Reykjavíkur hafa margir fengið sig fullsadda af hávaðanum sem fylgir íslenska næturlífinu.

Íbúasamtök Miðborgar Reykjavíkur stóðu í gær fyrir málþinginu Hvernig gengur sambýlið við næturlífið? Þar fóru íbúar, sérfræðingur í svefni og borgarfulltrúi með erindi um stöðu mála.

Benóný Ægisson er einn íbúanna sem héldu erindi og sagði frá reynslu sinni af hávaðanum í miðbænum, en hann segir skemmtanalífið hafa breyst undanförunum árið.

„Næturlífið hefur þróast mikið á síðustu áratugum, með minni stöðum í staðinn fyrir eins og áður þegar þetta voru mest stórir staðir og fáir og oft í iðnaðarverfum, hvergi nálægt íbúðabyggð. Það eru lög og reglur sem fjalla um rekstur þessara skemmtistaða, sem er illa framfylgt, vægt til orða tekið,“ segir Benóný í samtali við Fréttablaðið.

„Íslendingar geta ekki skemmt sér nema æpa hver á annan, þau tala ekki saman eins og aðra þjóðir. Þannig að það getur verið mikill hávaði af fólkinu úti,“ segir Benóný og bætir við að skemmtistaðirnir séu oft hýstir í húsnæði sem getur ekki haldið utan um hávaðann. Hann sér möguleika í því að færa skemmtistaði á svæði þar sem minna er um íbúðabyggð.

„Það sem ég vil sjá gerast er að þeim reglum sem eru í gildi um



Íbúasamtök Miðborgar Reykjavíkur vilja að skemmtistaðir fylgi settum reglum og dragi úr hávaðamengun vegna næturlífsins. **FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON**



Við erum ekkert á móti næturlífinu, við viljum bara geta sofið á nóttunni.

Benóný Ægisson, íbúi í miðbæ Reykjavíkur

þessa starfsemi sé framfylgt. Og svo væri kannski sniðugra, ef fólk vill ekki ganga að íbúðabyggðinni dauðri í miðbænum vegna hávaða, að staðirnir myndu flytja í úthverfin eða út á Granda þar sem þau trufla engan,“ segir Benóný.

„Við erum ekkert á móti nætur-

lífinu, við viljum bara geta sofið á nóttunni.“

Á dögnum lagði Kolbrún Baldursdóttir frá Flokki fólksins fram tillögu þess efnis á borgarráðsfundi að skemmtistaðir sem gerist brotlegir við reglur um hávaðamörk yrðu sektaðir um hálf milljón á dag þar til starfsemin yrði bætt í samræmi við reglugerð um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Ásgeir Guðmundsson, eigandi skemmtistaðarins Röntgens, segist hafa samúð með íbúum sem finna fyrir hávaða næturlífsins, en heldur að vandamálið sé ekki almennt.

„Hávaðinn er almennt séð ekki of mikill. Ég held að hljóðmengun frá miðbænum sé ekki mjög almennt vandamál og sé takmörkuð við ákveðið svæði, sem við getum vonandi leyst úr í góðu samstarfi við íbúa,“ segir Ásgeir. ■





blómaval HÚSASMÍÐJAN

JÓLIN FYRIR ÞIG

*Stóra*

**SERÍU  
HELGIN**

Hefst í dag

**25%**



Skoðaðu  
jólaljósinn í  
vefverslun

afsláttur af öllum jólaseríum og jólaljósum





í skólasundi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Megi ekki skaffa handklæði

kristinnpall@frettabladid.is

**MÚLAPIG** Fjölskylduráð Múlapings hafnaði erindi frá íbúa í sveitarfélaginu um að Múlaping myndi útvega börnum sveitarfélagsins handklæði í skólasundi. Tillögunni var hafnað og lagt til að orðalaginu í skráningarkerfinu yrði breytt til að koma í veg fyrir frekari misskilning.

Í bókuninni kemur fram að fjölskylduráð hafi hafnað erindinu þar sem opinberum aðilum sé ekki skylt að leggja nemendum til gögn til persónulegra nota samanber 31. grein laga um grunnskóla. ■



Ferjan Sævar fer frá Ársskógssandi til Hríseyjar. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

## Fækkun ferða ógni öryggi íbúa

kristinnpall@frettabladid.is

**HRÍSEY** Bæjarráð Akureyrarbæjar tók undir bókun hverfisráðs Hríseyjar um að fallið yrði frá rétti Vegagerðarinnar til að fækka ferðum um allt að 20 prósent á samningstíma í útboði á rekstri Hríseyjarferju til næstu tveggja ára.

Bæjarráðið lagði til að bæjarsjóri myndi fylgja málinu eftir. Í bókuninni kemur fram að almenn sátt ríki um núverandi áætlun og geti breyting á áætlun eða fækkun ferða haft veruleg áhrif á skilyrði til búsetu í Hrísey og á öryggi íbúanna. Því fari bæjarráð fram á að ferjuáætlun muni standa óbreytt með möguleika á upphringiferðum líkt og verið hefur. ■

# Mikil fjölgun í Seðlabankanum eftir hrun

olafur@frettabladid.is

**STJÓRNSÝSLA** Starfsfólki Seðlabankans hefur fjölgað um 160 prósent frá því árið 2000. Í lok þess árs voru þeir 113 talsins en í lok síðasta árs voru þeir 294.

Óvarlegt er þó að draga þá ályktun að Seðlabankinn hafi þanist stjórnlaust út á þessu tímabili.

Fram til ársloka 2019 fjölgaði starfsmönnum bankans um 56,5 prósent og voru 177 en höfðu flestir orðið 185 árin 2016 og 2017.

Í lok árs 2019 var Fjármálaeftirlitið fært undir Seðlabankann og þá jókst starfsmannafjöldinn á einu bretti um 126. Í árslok 2020 voru starfsmenn Seðlabankans, þar með talið Fjármálaeftirlitsins, 303 talsins.

Í fyrra fækkaði starfsmönnum um níu og voru um síðustu áramót 294.

Eftir stendur að fjölgunin sem varð á milli 2000 og 2019 er langt umfram fjölsfjölgun og aukin umsvif í hagerfinu. Athygli vekur að megnið af fjölgun starfa í Seðlabankanum hefur orðið til eftir hrun en frá 2000



til 2008 fjölgaði starfsfólki um ellefu og þar af um níu bara á árinu 2008. A næstu átta árum, fram til ársloka

2016, fjölgaði störfum í Seðlabankanum um nálega helming, úr 124 í 185. ■

Starfsfólki Seðlabankans fjölgaði um næstum helming milli 2008 og 2016.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Landlækni óheimilt að innheimta umsóknargjald vegna læknaleyfa

Embætti landlæknis var óheimilt að innheimta gjald, sem lagt er á heilbrigðisstarfsmenn sem eru íslenskir ríkisborgarar og hafa stundað faglega menntun hér á landi, vegna umsóknar um starfsleyfi eða sérfræðileyfi. Óljóst er hve margir hafa greitt gjaldið.

benediktarnar@frettabladid.is

**STJÓRNSÝSLA** Heilbrigðisráðuneytinu barst erindi frá íslenskum umsækjanda um sérfræðileyfi í heimilislækningum, sem hafði stundað læknánám hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Umsækjandinn gerði athugasemdir við að þurfa að greiða fimmtíu þúsund krónur til þess að umsókn hans um sérfræðileyfi yrði tekin til efnislegrar meðferðar.

Í lögum um heilbrigðisstarfsmenn var Embætti landlæknis veitt heimild til að innheimta sérstakt gjald fyrir hvers konar afgreiðslu og meðhöndlun á umsóknum um starfsleyfi og sérfræðileyfi.

Markmiðið með gjaldtökunni var að koma í veg fyrir að mikil vinna yrði lögð í umsóknir sem litil alvara væri á bak við og til að standa undir kostnaði við yfirferð og mat á umsóknum.

Gjaldið tæki til þeirra sem lokið hefðu námi í EES-ríki og í ríki sem hefur ekki samið um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til að starfa hér á landi, það eru ríkisborgarar frá ríki utan EES.

Íslenski umsækjandinn leitaði því til heilbrigðisráðuneytisins um hvort lagastod væri fyrir því að hann þyrfti að greiða umsóknar-



Embætti landlæknis var óheimilt að leggja gjald á vinnslu umsóknar um sérfræðileyfi og starfsleyfi hjá íslenskum ríkisborgurum sem stunduðu nám sitt að fullu hér á landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Gjaldið var sett á til að koma í veg fyrir að mikil vinna væri lögð í umsóknir sem ekki væri alvara á bak við.**

gjaldið, þar sem hann væri íslenskur ríkisborgari og hefði lagt stund á nám sitt á Íslandi.

Í svari heilbrigðisráðuneytisins segir að vilji löggjafans og ráðherra sem lögfesti gjaldskrána sé að aðeins hafi staðið til að innheimta gjald af þeim sem hefðu lokið námi í EES-ríki og ríkisborgurum frá ríkjum utan EES. Því sé landlækni ekki heimilt að innheimta gjald fyrir skoðun umsóknar íslensks ríkisborgara um sérfræðileyfi, sem fór að öllu leyti fram hér á landi og af öðrum í sambærilegri stöðu.

Í ljósi stöðunnar sem nú sé komin upp telur heilbrigðisráðuneytið að

ráðast verði í endurskoðun á gjaldskrá og að gjaldtökuheimildir landlæknis verði skýrðar nánar. Þar til þeirri vinnu sé lokið skuli Embætti landlæknis stranda straum af kostnaði sem fellur til vegna umsagnarvinnu í tengslum við öflun sérfræðileyfa og starfsleyfa.

Fréttablaðið sendi Embætti landlæknis fyrirspurn vegna málsins. Spurt var meðal annars um hversu margir íslenskir ríkisborgarar sem stunduðu nám sitt hér á landi hefðu greitt umrætt gjald og hvort embætti myndi hafa frumkvæði að endurgreiðslu. Ekki hafa enn borist svör frá embættinu. ■

# Góð ráð

frá BK Decor

Opnaðu myndavélina í símanum þínum og skannaðu **QR kóðann**



parkixslippfelagid.is



**Begga Kummer**  
Innanhússtílisti hjá BK DECOR





# Njótum helgarinnar

## HAGKAUP

Tilboð gilda út 6. nóvember

100%  
Hrein afurð



20%  
afsláttur

Eldaðar fajitas,  
Argentínu eða BBQ  
kjúklingabringur

3.679 kr/kg

Verð áður 4.599



10%  
afsláttur

Lambafíle

Verð áður 5.899

5.309 kr/kg



Roncadin pizzur

Verð áður 449

399 kr/pk



La Croix sóðavatn  
12 tegundir

149 kr/stk



Reese's í miklu úrvali  
Hvert er þitt  
uppáhalds?

verð frá 279 kr/pk

Nýtt



Smjer alvöru sósa  
fyrir sælkera

1.099 kr/stk



## Breyta lögræðislögum vegna gagnrýni

kristinnhaukur@frettabladid.is

**MANNRÉTTINDI** Jón Gunnarsson dómismálaráðherra hyggst breyta lögræðislögum, bæði vegna gagnrýni á ákvæði um nauðungarvistanir og til að uppfylla betur alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarp liggur ekki fyrir en áform um lagasetningu hafa verið birt. Þar koma meðal annars fram helstu breytingar sem stefnt er að því að gera. Til dæmis að skilyrði nauðungarvistar eða lögræðis-sviptingar verði ekki byggð á geðsjúkdómi eða fötlun sem slíkr, að tryggja betur meðalhóf en nú er gert, að skoða hámarks tímalengd sviptingar og fleira.

Er efni væntanlegs frumvarps miðað að því að gera ákvæði lögræðislaganna um nauðungarvistanir skýrari og skerpa á ýmsum reglum um sviptingu lögræðis.



Jón Gunnarsson, dómismálaráðherra



**Meðal annars er hámarks tímalengd lögræðis-sviptingar til skoðunar.**

Samtökin Geðhjálpu eru meðal þeirra sem gagnrýnt hafa framkvæmd nauðungarvistar harðlega. En í henni er í mörgum tilfellum beitt þvingaðri lyfjameðferð. ■

## Verðlaunaleikskóli vinnur út frá hugmyndafræði jákvæðrar sálfræði

erlamaria@frettabladid.is

**MENNTAMÁL** Leikskólinn Rauðhóll hlaut Íslensku menntaverðlaunin við hátíðlega athöfn á Bessastöðum á miðvikudaginn, en leikskólinn hlaut verðlaun í flokknum Framúrskarandi skólastarf eða menntaumbætur.

Markmið verðlaunanna er að auka veg menntaumbótastarfs og vekja athygli samfélagsins á metnaðarfullu og vönduðu skóla- og frístundastarfi með börnum og unglingum.

„Ég er mjög stolt, en þetta er annað árið í röð sem við erum tilnefnd og ákveðin viðurkenning á starfinu sem við erum búnar að vera að vinna undanfarin fimmtán ár,“ segir Guðrún Sólveig Vignisdóttir, leikskólalastjóri Rauðhóls.

Leikskólinn Rauðhóll vinnur út frá hugmyndafræði jákvæðrar sálfræði sem Guðrún Sólveig segir að sé að gefast gríðarlega vel.

„Þetta er bæði unnið út frá starfsmönnum og börnum, út frá styrk-



Guðrún Sólveig Vignisdóttir, leikskólalastjóri Rauðhóls

leika hvers og eins. Að þeir finni í hverju þeir eru sterkir svo þeim líði sem best í leikskólanum. Og þá líka að reyna að finna tíma og ró þannig að bæði börnin og starfsmenn nái andrúmi og flæði, að gleyma stað og stund og fá verkefni sem eru ekki of erfið og ekki of létt, svo þau finni styrkleika sína,“ segir hún.

Þá sé passað upp á truflanir í starfinu og að dagskráin sé ekki of stíf.

„Það getur verið ofsalega mikið áreiti í leikskóla og við reynum að fækka stundum sem við erum öll saman. Við náum því að fara út úr þessari hringiðu, fara í flæði og finna styrkleika okkar,“ segir Guðrún Sólveig. ■



Skatthlutfallið hér líkist frekar því sem er í austurhluta álfunnar en þeim vestari. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Skatthlutfallið lækkaði hérlendis

kristinnhaukur@frettabladid.is

**SKATTAMÁL** Ólíkt flestum öðrum ríkjum Evrópusambandsins og EES-svæðisins lækkaði hlutfall skatta af landsframleiðslu á síðasta ári. Fór úr 36,1 prósentu niður í 35,1. Meðaltal álfunnar hækkaði úr 41,1 prósentu í 41,7 árið 2021 en hafði verið mjög stöðugt í mörg ár fram að því.

Ísland hefur ávallt verið með óvenju lágt skatthlutfall miðað við flest önnur ríki í norður- og vesturhluta álfunnar. Hefur hlutfallið frekar verið líkara því sem gerist í austurhlutanum.

Hæst er skatthlutfallið í Danmörku, 48,8 prósent, en þar á eftir



**Hlutfallið er 6 prósentum undir Evrópu-meðaltali.**

koma Frakkland, Belgía og Austurríki. Írland er hins vegar sér á báti hvað varðar skattlagningu, og er hlutfallið aðeins 21,9 prósent, rúmum 5 prósentum lægra en næstlægsta landið, Rúmenía. ■



Frá vinnustöð Carbfix á Hellisheiði.

MYND/CARBFIX

# Evrópskt koltvíoxíð sent til förgunar við Straumsvík

Fyrirtækið Carbfix mun á næstu dögum hefja rannsóknarboranir við Straumsvík í tengslum við fyrirhugaða móttöku- og förgunarstöð fyrir koltvíoxíð. Framkvæmdin felur í sér borun á þremur rannsóknarholum á skilgreindu iðnaðarsvæði Rio Tinto á Íslandi.

helgisteinar@frettabladid.is

**IÐNAÐUR** Áform liggja fyrir um að reisa móttöku- og förgunarstöð fyrir koltvíoxíð í Straumsvík og er ráðgert að fyrsti áfangi hennar taki til starfa árið 2026. Áætlað er að stöðin sem nefnist Coda Terminal nái fullum afköstum, eða 3 milljónum tonna á ári af koltvíoxíði, árið 2031.

Tilgangur rannsóknarborana er að auka þekkingu á jarðlögum á svæðinu og fá nákvæmari upplýsingar um aðstæður til varanlegrar bindingar á koltvíoxíði í jarðlögum með tækni frá Carbfix.

Móttöku- og förgunarstöðin í Straumsvík verður sú fyrsta sinnar tegundar á heimsvísu en þar áætla Carbfix að fanga koltvíoxíð sem leyst verður upp í vatni áður en því er dælt djúpt í berglög þar sem það steinrennur á innan við tveimur árum. Koltvíoxíðið sem um ræðir verður fangað frá útblæstri frá iðnaði í Evrópu og verður flutt fljótandi með skipum til Straumsvíkur þar sem því er dælt í geymslutanka við sjávarbakkann.

Ólafur Teitur Guðnason, samskiptastjóri Carbfix, segir að það sé mikilvægur áfangi að skoða svæðið betur og forhönnun á þessari stöð, og að umhverfismat standi yfir.



Hér sést hvar bora á tilraunaholur nærri álverinu í Straumsvík. MYND/CARBFIX



**Athygli heimsins mun beinast enn frekar að Íslandi sem sterkum þátttakandi í umhverfismálum.**



Ólafur Teitur Guðnason, samskiptastjóri Carbfix

Gerð fyrstu rannsóknarholunnar af þremur mun hefjast á næstu dögum og verður hún staðsett skammt sunnan Reykjanesbrautar gegnt vestari enda álversins. Áætlað

er að borun hennar taki um fjórar til átta vikur. Síðar verða gerðar tvær rannsóknarholur til viðbótar, önnur nálægt þeirri fyrstu en hin austan við álverið, norðan Reykjanesbrautar.

Leyfi er fyrir framkvæmdinni frá umhverfis- og skipulagssviði Hafnarfjarðar þar sem ekki er gert ráð fyrir neikvæðum umhverfisáhrifum eða að tilraunaboranir muni fela í sér teljandi truflanir. Carbfix segist leggja mikla áherslu á að gagnsæi ríki um undirbúning og framkvæmdir við Coda Terminal.

„Við höfum átt góð samtöl við hagsmunaaðila á svæðinu og þetta er að sjálfsögðu mjög þýðingarmikið verkefni fyrir baráttu okkar í loftslagsmálum. Þar að auki mun þetta líka fela í sér að athygli heimsins mun beinast enn frekar að Íslandi sem sterkum þátttakanda í umhverfismálum,“ segir Ólafur. ■

## Ólíklegt að Martin nái til Íslands

kristinnpall@frettabladid.is

**VEÐUR** Eiríkur Örn Jóhannesson, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands, segir að það sé ekki von á því að fellibylurinn Martin bregði sér á land við strendur Íslands.

Martin mældist sem fyrsta stigs fellibylur en það mun fjara undan honum áður en búist er við að honum bregði fyrir á Bretlands-eyjum um helgina.

„Það eru mjög litlar líkur á því að hann komi hingað. Allar spár eru sammála um að hann verði herna fyrir sunnan og nái ekki hingað. Kannski smá strengur af jaðri hans en ekkert af viti,“ segir Eiríkur, aðspurður hvort Martin muni koma til landsins.

„Hann verður ekki fellibylur ef



Íslendingar finna fyrir gusti af jaðri Martins í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

hann kemur til Íslands. Það verða 13-18 metrar syðst á landinu á morgun, sem má rekja til Martins, en ekkert meira en það.“ ■



# IONIQ 5

Fjór hjóladrifinn, 100% rafmagn.

# Besti bíll í heimi 2022



**WINNER**  
**2022 WORLD CAR AWARDS**

BESTI BÍLLINN  
BESTI RAFBÍLLINN  
BESTA HÖNNUNIN

## ÞREFALDUR HEIMSMEISTARI!

Hvað finnst þér best í heimi? Fjölskyldan, markmiðin, starfið? Hvert sem þú stefnir þá hefur verðlaunabíllinn IONIQ 5 kraftinn til að hjálpa þér að ná takmarkinu. Þú ferð allt að 507 km\* á hleðslunni. Ofurhleðslan bætir 100 km við á aðeins 5 mínútum. Eltu draumana þína af öryggi hvert sem er með 2. stigs akstursaðstoð. IONIQ 5 getur allt þetta og miklu meira.



Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | [www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)

[www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)

**7** ÁRA  
Ábyrgð  
Framtíðin er örugg

**8** ÁRA  
Rafhlöðu  
ábyrgðartrygging

Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum nýjum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Átta ár/160.000 km ábyrgð er á rafhlöðum. Staðbundnir skilmálar gilda. Kaupandi greiðir fyrir reglulegt þjónustuefirlit hjá viðurkenndum aðilum. Kynntu þér allt um ábyrgðina á [hyundai.is](http://hyundai.is).

**B|L**



# Yfir tvö þúsund köttum hjúkrað og sinnt á átta árum

benediktboas@frettabladid.is

**DÝRAVERND** Á átta árum hafa 2.139 kettir farið í gegnum samtökin Villiketti sem nú hafa farið þess á leit við Hafnarfjörð að þeim verði úthlutað lóð í landi Hafnarfjarðar við Kaplaskeið, þar sem samtökin geti reist húsnæði þar sem villi- og vergangskisum verði sinnt og þeim hjúkrað.

Erindi Villikatta var tekið fyrir í bæjarráði í gær. Þar segir að sam-

tökin hafi átt gott samstarf við bæinn og bæjarbúa síðastliðin átta ár og að margir af sjálfboðaliðum séu einmitt Hafnfirðingar. Þar sé öflugasti hluti starfsins.

„Bón okkar kann að virðast djörf við fyrstu sýn en er, ef betur er gáð, sanngjörn og skiljanleg í ljósi þess að samræmt útreikningum samtakanna hafa þau sennilega sparað bæjarfélaginu 70–80 milljónir króna á þeim átta árum sem þau

hafa starfað í sveitarfélaginu,“ segir í bréfi samtakanna til bæjaryfirvalda.

Sjálfboðaliðar hafa komið köttunum til dýralækna en samtökin eru tilbúin með 300 fermetra stálgrindarhús þar sem allt er á einum og sama stað, lager og geymslur, sóttkví, herbergi fyrir lausa ketti og ketti í heimilisleit, aðstaða fyrir dýralækni til að skoða þá, aðstaða fyrir kettlinga og þvottahús. ■



Sjálfboðaliðar sjá til þess að villikettir fái nauðsynlega lækniþjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Mat verslunarstjóra leiddi oft til þess að vörur fóru til spillis.

## Minni matarsóun með gervigreind

arnartomas@frettabladid.is

**JAPAN** Aukinn fjöldi verslanakeðja í Japan stýðst nú við gervigreind til þess að greina gögn á borð við sölutölur til að ákveða hve mikinn afslátt eigi að gefa af vörum sem eru að renna út.

Til að reikna út afsláttinn greinir hugbúnaðurinn sölu verslunar, afhendingartíma og jafnvel staðbundin veðurskýryði til að ákvarða verð sem gefur besta möguleikann á að varan seljist.

Til þessa hafa verslunarstjórar í mörgum keðjum séð um þessar ákvarðanir en mannlegt mat leiddi oft til þess að vörur fóru til spillis eða seldust upp. ■



Um 57 prósent Breta telja nú að Brexit hafi verið mistök.

## Sífelld fleiri Bretar sjá eftir Brexit

arnartomas@frettabladid.is

**BRETALAND** Samkvæmt nýrri skoðanakönnun telja aðeins 43 prósent bresku þjóðarinnar að útganga Bretlands úr Evrópusambandinu hafi verið góð ákvörðun. Um 57 prósent telja að um mistök hafi verið að ræða.

Um er að ræða talsverða breytingu frá niðurstöðum þjóðaratkvæðagreiðslunnar árið 2016 þar sem tæplega 52 prósent breskra kjósenda kusu að yfirgefa ESB. Útganga Bretlands úr sambandinu varð svo að veruleika 2020.

Hingað til hefur enginn af stærstu stjórnarmáflökkinum lagt fram nein áform um að krefjast nýrrar þjóðaratkvæðagreiðslu en næstu þingkosningar í Bretlandi eiga að fara fram eigi síðar en í janúar 2025. ■

# Lögreglan átelur að Rauði krossinn veiti börnum sprautufíklapjónustu

Núningur skapaðist á ráðstefnu SÁÁ í gær er lögreglu maður sakaði Frú Ragnheiði um að vera „ríki í ríkinu“. Rauði krossinn er hissa á viðbrögðunum, enda fá fíklar undir lögaldri ekki sprautu- aðstoð.

bth@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu segir dæmi um að týnd börn, sprautufíklar undir lögaldri, nýti sér þjónustu sem Rauði krossinn býður undir merkinu Frú Ragnheiðar sem skaðaminnkandi úrræði fyrir sprautufíkla án þess að haft sé samband við lögreglu eða aðstandendur. Rauði krossinn segir gagnrýnina koma á óvart.

Sigurður Hólm Gunnarsson, verkefnisstjóri hjá Rauða krossinum, flutti erindi í gær á ráðstefnu SÁÁ. Ræddi hann skaðaminnkandi úrræði, þar á meðal Frú Ragnheiði þar sem sprautufíklar eru aðstoðaðir við eigin neyslu með því að útvega þeim nálar, aðstoð og búnað sem hæglega getur bjargað lífi þeirra að sögn Sigurðar.

Sigurður hafði varla yfirgefið ræðupúltið er Guðmundur Fylkisson, hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, kom upp og sagði Frú Ragnheiði „ríki í ríkinu“. Dæmi væru um að týnd börn sem hann leitaði sæktu þjónustu hjá Frú Ragnheiði og enginn væri upplýstur.

Í samtali við Fréttablaðið jatar Guðmundur því að núningur sé milli Rauða krossins og lögreglu.

„Það er þannig að þeir sem eru undir 18 ára eru á forræði foreldra sinna og á þeim grunni vinn ég vinnuna mína þegar ég leita að horfnum ungmennum,“ segir Guðmundur. „Sumir krakkar eru að sækja sér þjónustu hjá Frú Ragnheiði, það er hægt án þess að nefna nafn og kennitölu. Ég hef skilning á skaðaminnkandi úrræðum en það er núningur vegna þessa.“

Guðmundur segir að hann viti



Ráðstefna SÁÁ hefur verið vel sótt og þar hafa mörg álitamál verið skoðuð og rædd.

MYND/ADSEND



**Þau eru ekkert að hringja í mig þótt ég sé að leita að krökkum sem þau þjónusta.**



Guðmundur Fylkisson, hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu

dæmi um að börn sem hann leiti að fái sprautur og nálar í gegnum Frú Ragnheiði. Hann skilji þær umbætur sem geti orðið af starfinu en hann lýsi eftir auknu samstarfi.

„Þau eru ekkert að hringja í mig þótt ég sé að leita að krökkum sem þau þjónusta,“ segir Guðmundur.

„Þau hjá Frú Ragnheiði bera enga ábyrgð á börnunum,“ segir hann og bætir við að hann þekki persónulega nýlegt dæmi um ungan dreng sem foreldrar leiti að og hafi fengið aðstoð hjá Frú Ragnheiði. „Það skarast á annars vegar lagalegt umhverfi og ábyrgð.“

Sigurður Hólm hjá Rauða krossinum segir að sér hafi komið

gagnrýni lögreglumannsins á óvart. Hann telur hana ekki eiga við þar sem enginn undir átján ára fái þjónustu í tengslum við sprautunálar. Billinn á vegum Frú Ragnheiðar sé sérútbúinn, aki um á kvöldin og veiti þjónustu fyrir sprautufíkla og heimilisláusa.

Nálaskiptaþjónustan er í þeim efnum mjög mikilvæg að sögn Sigurðar. Í erindi hans kom fram að neytendur hafa látist af því að nota sýktar nálar.

Sem dæmi um aðra þjónustu sem Rauði krossinn veitir í gegnum Frú Ragnheiði er matur, drykkur, vítamín, svefnpokar og tjöld, enda sofa sumir notenda úti. ■

# Nærri fimm hundruð lykiljöklar horfnir árið 2050

gar@frettabladid.is

**UMHVERFISMÁL** Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, segir að loftslagsbreytingar muni óhjákvæmilega leiða til þess að 460 jöklar sem séu á heimsminjaskrá verði horfnir fyrir árið 2050.

Að því er segir í umfjöllun spænska blaðsins El País er þessi staða komin upp vegna áratuga skeytingarleysis gagnvart viðvörnum vísindamanna um gríðarlegt magn gróðurhúsalofttegunda

sem streyma út í andrúmsloftið og valda hlýnun jarðar sem jafnvel geti tekið árpúsund að vinda ofan af. Jöklar séu meðal þess sem er í mestri hættu. UNESCO hefur gert rannsókn á fimmtíu svæðum sem eru á heimsminjaskrá og þar sem eru jöklar. Niðurstaðan er sú að á sautján af þessum stöðum verði jöklar horfnir árið 2050 sama hvað að verði gert héðan af.

Samtals er um að ræða 460 jökla sem þurrkast út af heimskortinu, vitnar El País til skýrslu UNESCO. Þar á meðal eru síðustu jöklar



Snæfellsjökull hefur rýrnað talsvert undanfarna áratugi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Afriku sem eru á Kilimanjaro og í Ruwenzori-Virunga í Mið-Afriku. Þá munu jöklar í Dólómítafjöllum í Evrópu hverfa, í Pýreneafjöllum milli Spánar og Frakklands og úr Yellowstone- og Yosemite-þjóðgördunum í Bandaríkjunum.

Þá kemur fram í umfjöllun El País að í augnablikinu séu alls 200 þúsund jöklar í heiminum, þar af um 18.600 á stöðum á heimsminjaskrá. Þótt rýrnun jökla hafi orðið á þessum stöðum hafi hún á 21. öldinni orðið mest á Íslandi, Grænlandi og í Norður-Ameríku. ■





201 KÓPAVOGUR

# SILFURSMÁRI 4 - 6

NÝ STIGAHÚS Á SKRÁ

**NÝTT!**



- › Fullbúnar íbúðir með parketi
- › Innbyggður ísskápur og uppþvottavél
- › Vandaðar innréttingar frá AXIS
- › Gólfhiti á baðherbergjum
- › Lokuð bílageymsla
- › Margar íbúðir með gestasalernum
- › Nokkrar íbúðir með svalalokun
- › Hleðslustöðvar á völdum útistæðum lóðar
- › Úrval íbúða á 6 - 7 hæð með þaksvölum
- › Verð frá 51,9m

## FRUMSÝNING

Laugardaginn  
5. nóvember kl. 13 - 16



### ALLAR UPPLÝSINGAR VEITA



**Kristján**  
Löggiltur fasteignasali  
**696 1122**  
kristjan@fastlind.is



**Diðrik**  
Löggiltur fasteignasali  
**647 8052**  
diddi@fastlind.is



**Hrafn**  
Löggiltur fasteignasali  
**845 9888**  
hrafn@fastlind.is



**Lára**  
Löggiltur fasteignasali  
**899 3355**  
lara@fastlind.is



**Erla**  
Löggiltur fasteignasali  
**692 0149**  
erla@fastlind.is

# LIND

FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / [www.fastlind.is](http://www.fastlind.is)



# Í okkar nafni



Guðmundur  
Gunnarsson  
ggunnars  
@frettabladid.is

**S**em þjóð, berum við fulla ábyrgð á framgöngu íslenskra stjórnvalda í garð fólks á flóttu. Hvort sem okkur líkar það betur eða verr.

Valdstjórn sem hrifsar lyf og hjálpartæki af fötludum manni og varpar honum á götuna í Grikklandi, starfar í okkar nafni. Með okkar samþykki.

Við höfum lagt blessun okkar yfir að ungar stúlkur séu handteknar á leiðinni heim úr skóla. Að lögregla skipi ríkisfyrirtæki að hindra störf fjölmiðla, og svífist svo einskis í harðneskjunni gagnvart fólki í nauð.

Allt eru þetta afleiðingar ákvarðana sem við höfum sjálf tekið. Vitandi vits. Eða réttara sagt, ákvarðana sem ríkur meirihluti hefur tekið.

Okkur kann að finnast þetta dapurlegt, en þetta er samt það sem við viljum.

Ríkjandi stjórnvöld hafa margsinnis sagt að þau vilji beita meiri hörku til að fæla fólk frá því að koma hingað. Þetta er stefnan sem við höfum kvittað upp á. Margsinnis.

Svo á þetta bara eftir að versna því vilji löggjafans hefur ekki einu sinni náð fram að ganga að fullu. Nýja harðlínan í útlendingamálum er bara rétt að ná sér á strik. Eða eins og maðurinn sagði: „You ain't seen nothing yet.“

Það alvarlegasta í þessu er að stórum hluta þjóðarinnar virðist slétt sama þótt fólk á flóttu sé beitt harðræði á Íslandi.

Athygli samfélagsins er ekki einu sinni á atburðunum á landamærunum nema að litlu marki. Hún er öll á valdatafli tveggja miðaldra manna. Sem bitast um það hvort ermahnappar ríka fólksins eigi að vera úr gulli eða silfri. Eins öfugsnúið og það nú er.

Kannski mun það breytast næst þegar fjandsamleg útlendingastefna stjórnvalda nær að fanga sviðsljósið. Kannski verður okkur fyrst brugðið þegar stjórnvöld fara að sýna fötludum flóttamönnum í tvo heimana með reglubundnum hætti.

Þá vakna kannski fleiri upp við vandan draum. Átta sig á því að við erum sífellt að hliðra gildum samfélagsins í átt að illsku og einangrun.

Ef það gerist getur verið gott að muna hvar hið raunverulega vald liggur í okkar samfélagi. Almennigur getur alveg ákveðið að afþakka pólitík sem boðar grimmilega meðferð á viðkvæmstu hópum samfélagsins.

Spurningin er bara hvort við viljum það. ■



Við erum sífellt að hliðra gildum samfélagsins í átt að illsku og einangrun.


**BOLI**  
LETTÖL

ÍÞROTTAVIKAN  
MEÐ BENNA BÓ

FÖSTUDAGA KL. 21.00

HRINGBRAUT

## ■ Halldór



## ■ Frá degi til dags

kristinnhaukur@frettabladid.is

### Spánarsniglar

Spánarsnigill er nýjasta orðið sem afmá á úr íslenskrri tungu. Vargsnigill er hið nýja heiti yfir það lindýr sem nam hér land fyrir tveimur áratugum og plagar íslenska garðeigendur. Ástæðan er sú að uppruni snigilsins sé ekki aðeins frá þessu eina landi og að það sé ekki sanngjarnt gagnvart Spánverjum að nefna óværuna eftir þeim, ekki frekar en að brúnrotta sé nefnd eftir Noregi. Verðum við nú aðeins að staldra við þessa röksemdafærslu. Hvaða skilaboð er verið að senda til dýra sem greinilega uppfylla ekki fegurðarstaðla íslensku vísindaelitunnar? Því enginn amast við nafngift grænlandshákarlsins, siberiutígursins eða síamskattarins. Við verðum einnig að passa okkur sérstaklega því ef jafnt á yfir öll dýr að ganga verður ekki lengur hægt að tala um íslenska hestinn eða íslenska fjárhundinn.

### Töff nafn

Hins vegar, þá verður að segjast eins og er að vargsnigill er hrikalega svalt nafn. Minnir það frekar á tennt og brynjað óargadýr úr Hringadróttinsögu eða Drekkum og Dýflissum heldur en leiðigjarna svarta pöddu, sem líkist blautum lorti, og skemmur kálrækt. Er þetta nýja heiti í raun og veru frekar upphafning en nið, sem vafalaust var ekki ætlunin. ■

## Sterkust saman



Bjarni  
Benediktsson  
formaður Sjálfstæðisflokksins og fjármála- og efnahagsmálaráðherra

Í dag hefst landsfundur Sjálfstæðisflokksins. Stærsta stjórn málasamkoma á Íslandi þar sem hátt í tvö þúsund manns koma saman úr öllum landslutum, starfsgreinum og stéttum til að setja mark sitt á flokkinn okkar og þar með samfélagið allt. Fjölbreyttur en samhentur hópur sem gefur tíma sinn og orku í að vinna þjóðinni gagn. Samkoman sýnir breiddina og styrkinn í Sjálfstæðisflokknum og slær vopnin úr höndum þeirra sem sífellt rembast við að skilgreina okkur eftir sínu höfði.

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins er kveikja nýrrar hugsunar og framfara á Íslandi. Línan er lögð á landsfundi og áherslurnar ráða svo för í störfum okkar á Alþingi, í ríkisstjórn og í sveitarstjórn um allt land. Sjálfstæðisflokkurinn hefur setið nær óslitið í ríkisstjórn síðastliðin 30 ár og allir sjá framfarirnar sem orðið hafa. Sjálfstæðisstefnan er frelsisstefna sem byggir á hugmyndafræði frelsis og jafnra tækifæra, sjálfstæðis og ábyrgðar, öflugs atvinnulífs og framfara í þágu allra landsmanna. Þessi stefna er grunnurinn að framförum síðustu áratuga. Viðeigandi er að frelsið sé forskrift fundarins í ár.

### Þörf á traustum grunni

Frelsið hefur ólíkar birtingarmyndir en grundvallast í réttinum til að stýra eigin lífi án opinberra afskipta og trúnni á að það sé fólkið, en ekki kerfið, sem finnur bestu lausnirnar. Það hefur verið heiður og forréttindi að fá að leiða langstærsta stjórn mála-flokk landsins í rúman áratug. Flokkur sem stendur á traustum hugmyndafræðilegum grunni finnur ávallt lausnir á þeim áskorunum sem við stöndum frammi fyrir hverju sinni.

Á landsfundi komum við saman til að ræða um framtíðina, hvað best tryggir farsæld lands og þjóðar, og treystum vinabönd. Ég óska eftir umboði til að halda uppbyggingarstarfinu áfram. Þörfin fyrir styrka stjórn á traustum grunni hefur sjaldan verið meiri en nú. Leggjum saman grunn að enn betra samfélagi – fyrir okkur öll jafnt sem komandi kynslóðir. ■



Viðeigandi er að frelsið sé forskrift fundarins í ár.



# Gulli, Bjarni, gildir einu

## Í dag

Guðmundur Steingrímsson



Ég get ekki sagt að ég sé að fara yfirum afspenningi yfir því hvor verður formaður Sjálfstæðisflokksins, Guðlaugur Þór Þórðarson eða Bjarni Benediktsson. En þótt ég missi ekki svefn yfir þessu, þá get ég þó sagt að sem áhugamaður um pólitískar væringar hefur maður jú tilhneigingu til að staldra við og spá í hvað þarna er á seyði. Eitt þykir mér blasa við: Hér leikur Guðlaugur athyglisverðan leik. Augljóslega er hér naskur leikmaður á ferð.

Sjáði til. Það skiptir í raun litlu hvort Guðlaugur vinnur eða ekki. Fá hann umtalsvert fylgi, sem líkur eru jú á – segjum 30 til 40 prósent – hefur hann í raun náð nægum árangri. Hann verður þar með leiðtogi valdablokkar í þessum flokki valdablokka. Fram hjá honum og fylgisfólki hans verður ekki gengið. Staða hans verður sterkari. Á sama tíma veikist staða Bjarna. Í flokknum verða tvær fylkingar með tveimur leiðtogum.

Tapi Guðlaugur stórt hefst auðvitað að sama skapi niðurleið hans og útleið úr pólitík smám saman eða í snatri. Hér er því teflt djarft, en að því gefnu að ég hafi rétt fyrir mér í mínu mati eru töluverðar líkur á að bragð Guðlaugs heppnist. Ef markmiðið er að senda Bjarna enn og aftur í pontu í Valhöll til þess að flytja barátturæðu um varnarsigur, eftir eitthvað sem hæglega má túlka sem afhroð, þá er ekki ólíklegt að það takist. Ætli Bjarni þurfi ekki að hafa meira fyrir því að koma í veg fyrir þá stöðu, heldur en Guðlaugur að koma henni í kring.

Að þessu sögðu vil ég itreka að yfir þessu missi ég semsagt ekki svefn, þótt hressilegt valdatafl sé alltaf áhugavert. Ástæðan fyrir skeytingarleysi mínu að öðru leyti er þó ekki einungis sú að ég telst ekki til kjósenda Sjálfstæðisflokksins, heldur er ástæðuna einnig að finna í öðru. Ég get ekki séð að í þessum formannslag liggja mikið undir fyrir þjóðina, þannig séð. Þetta snýst aðallega um það að Guðlaugur Þór vill að fylgi Sjálfstæðisflokksins sé meira en það er.

Mjög margir í samfélaginu vilja hins vegar ekki að fylgi Sjálfstæðisflokksins sé meira en það er, þannig að hér verður ætíð við rannan reip að draga. Ekki er nóg að formaður vilji stækka flokk. Sú stækkun verður að vera um eitthvað. Stjórnsmál eru í eðli sínu samkeppni um hugmyndir – um það hvað þurfi að gera næst og hvað sé til bóta – þar sem einn segir „krakkar, komiði með mér hingað!“ og annar segir „nei, krakkar, fylgiði mér frekar í þessa átt!“. Svo einfalt er það í grunninn. En þetta skortir á Íslandi í dag. Það er lítið um innblásnar stefnumarkandi yfirlýsingar, sem á einhvern hátt væri uppbyggilegt að fylgja. Ímynda mætti sér formannslag í Sjálfstæðisflokki, og raunar öðrum flokkum líka, sem snérist meira um mismunandi sýn framþjóðenda á eitthvað sem skiptir máli.

Sjálfstæðisflokki er til dæmis stöðugleiki mjög hugleikinn. Eftir langt valdaskeið flokksins er hins vegar óhætt að segja að fátt einkennir íslenskt efnahagslíf minna en einmitt stöðugleiki. Á Íslandi ríkir eilífur

vandræðagangur. Ísland er svo óstöðugt að það er fyndið. Nú síðast, ofan á verðbólgu og gjaldmiðilsáhættu, hefur stjórnvöldum tekist að senda tundurskeyti inn í íslenskt efnahagslíf með því að lýsa þeim ásetningi sínum, að til standi að varpa langvarandi og ógnarstórum – og óútkljáðum þrátt fyrir ótal viðvaranir – vanda Íbúðalánasjóds á komandi kynslóðir, einkum eldri borgara, lífeyrisþega,

framtíðarinnar. Það er ég. Takk. Þarf ekki að ræða þetta, eða í öllu falli skilgreina betur hvað átt er við með stöðugleika í þessum endalausla fáránleika?

Svo má ræða orkumál, ef fólk er í stuði. Orka Íslendinga er að verða búin. Hún nægir ekki til orkuskipta. Þetta er risastórt úrlausnar-efni, og klukkan tifar. Hér vantar sýn. Hvert skal stefna?

Innflytjendamál eru líka æði

aðkallandi. Á Íslandi vantar fólk. Við erum ekki nógu mörg til að vinna störf sem hér þarf að leysa af hendi. Þar að auki ríki víðtækur áhugi á því að sýna fólki mannúð. Ætlar einhver að útskýra af hverju það er á sama tíma talið nauðsynlegt að senda 20 lögreglumenn til að flytja fólk úr landi með harðri hendi í skjóli nætur og loka aðra útlendinga sem hingað koma í fangaklefa? Hver er þælingin?

Þriðja ástæða þess að ég missi ekki svefn yfir formannskjöri felst svo í stöðu stjórnsmálanna á Íslandi almennt. Í Bandaríkjunum er kosið á þriðjudaginn. Ég missi frekar svefn yfir því. Andlýðræðisleg öfl sem virða ekki staðreyndir geta þar náð undirtökum. Slík viðureign á sér blessunarlega ekki ennþá stað í íslenskum stjórnsmálum. Hvorki Bjarni né Gulli eru Trump. Það er þó jákvætt. ■



„Skáldsagan *Gratiana* er enginn eftirbátur *Hansdætra* og ég er ekki frá því að þetta sé hennar besta verk til þessa.“


RAGNHEIÐUR BIRGISDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

„Vel skrifuð og skemmtileg bók ...“

BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

„Þetta er afskaplega vel gert.“

KOLBRÚN BERGPÓRSDÓTTIR / KILJAN



Hjartastyrkjandi örlagasaga eftir **Benný Sif Ísleifsdóttur** um íslenskar alþýðukonur, sorgir og sigra, drauma og þrár.



Innbundin



Rafbók



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | virka daga 10–18 | laugardaga 11–17 | sunnudaga 12–16 | [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)



## Gæti orðið riðill hinna óvæntu tíðinda

16  
DAGAR Í  
HM KARLA  
Í FÓTBOLTA

Eftir rúmar tvær vikur hringja inn jólaklukkur knattspyrnuáhugafólks þegar Heimsmeistaramótið í knattspyrnu karla hefst í Katar. Sófakartöflur landsins eru farnir að máta sig í réttar stellingar enda er mánaðar veisla fram undan. Mótið fer í fyrsta sinn ekki fram að sumri til.

hodd@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** F-riðill Heimsmeistaramótsins er einn af dauðariðlunum, þarna er að finna sterkar evrópskar þjóðir í Króatíu og Belgíu. Bæði lið eru líkleg til alls, að auki eru Kanada og Marokkó í riðlinum. Gríðarlegur uppgangur er í fótboltanum í Kanada og gæti liðið svo sannarlega verið eitt af þeim sem koma á óvart á þessu stærsta sviði fótboltans.

### Síðasti dans Belga

Gullkynslóð Belgíu hefur að einhverju leyti valdið vonbrigðum, kröfurnar á þessa mögnuðu knattspyrnumenn hafa verið miklar en gengið hefur valdið vonbrigðum. Hafa Belgar farið inn í síðustu mót sem eitt af þeim liðum sem eru talin sigurstranglegust. Sú pressa er ekki til staðar fyrir HM í Katar sem gæti reynst liðinu vel. Bestu menn liðsins eru að komast yfir háttind ferilsins og því er talað um mótið sem síðasta tækifæri þeirra til að standa undir væntingum.

„Þetta er síðasta mótið fyrir marga þarna, við sjáum hjartað í vörninni með þá Toby Alderweireld og Jan Vertonghen sem eru svo sannarlega að fara inn á sitt síðasta Heimsmeistaramót. Eden Hazard er að fara inn á síðasta HM, svo er alveg spurning hvað Kevin de Bruyne gerir á seinni stigum ferilsins og hvort hann gefi kost á sér eftir fjögur ár. Það gæti alveg hjálpað þessu liði að fara með litla pressu á sér inn í mótið,“ segir Hrafnkell Freyr Ágústsson, sérfræðingur Fréttablaðsins um HM í Katar.

„Belgar þurfa að finna réttu blönduna í kringum þessa miklu reynslu, Amadou Onana hefur verið frábær hjá Everton og ætti að auka hlaupagetuna á miðsvæðinu. Leandro Trossard gefur liðinu aðra kosti fram á við. Charles De Ketelere og Alexis Saelemaekers hjá AC Milan eru svo leikmenn sem ég mæli með að fólk fylgist með.“

Stjórnfráherji Belgíu, Romelu Lukaku, hefur mikið verið meiddur í upphafi móts. „Þeir hafa auðvitað

aðra kosti til að fylla í skarð Lukaku en enginn af þeim mun leiða sóknarlínuna af þeim krafti sem hann hefur gert síðustu ár. Lukaku þarf að ná heilsu til að Belgar geti keppt við stóru strákana. Miðað við aldur og fyrri störf þessa liðs sé ég þá ekki fara nema í átta liða úrslitin.“

### Klókir Króatar

Gríðarleg reynsla er í herbúðum Króatíu en liðið hefur á undanförunum árum gert vel á stórmótum. Króatía fór alla leið í úrslitaleikinn á síðasta Heimsmeistaramóti en tapaði þar fyrir Frökkum. Kjarni liðsins hefur verið sá sami um langt skeið en ungir og spennandi leikmenn hafa þó verið að færast í aukana. „Þeirra leikur snýst um miðsvæðið þar sem Luka Modric stjórna öllu og er með þá Marcelo Brozović og Mateo Kovacic með sér. Ef þeir ætla að gera vel þarf Joško Gvardiol að stíga upp í varnarleiknum og hjálpa



## Heimsmeistaramótið 2022: F-riðill

Leikjadagskrá

Innbyrðis viðureignir

Sigur Jafnt. Tap

	Kanada	Marokkó	Króatía
Belgía	23. nóv. 1 0 0	27. nóv. 2 0 1	1. des. 3 2 3
Króatía	27. nóv. Aldrei mæst	23. nóv. 1 0 0	
Marokkó	1. des. 2 1 1	Leikmaður til að fylgjast með: Kevin de Bruyne BEL	

Heimild: FIFA

Mynd: Getty

© GRAPHIC NEWS

Luka Modric er listamaður með boltann.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
GETTY

Dejan Lovren sem er kominn af léttasta skeiði,“ segir Hrafnkell.

„Þeir eru fáránlega góðir í því að sækja úrslitin sem þarf, ef þeir komast yfir geta þeir lokað leikjum nokkuð auðveldlega. Þeir geta haldið nánast endalaust í boltann með þessum klóku miðjumönnum. Þeir eru vel skipulagðir og er það þeirra styrkleiki að Zlatko Dalić hefur í rúm fimm ár þjálfað liðið.“

### Uppgangur í Kanada

Það hefur verið mikill uppgangur í fótboltanum í Kanada á undanförunum árum, stjarna liðsins er Alphonso Davies bakvörður FC Bayern. Liðið hefur fleiri spennandi leikmenn í sínum röðum og má þar nefna Jonathan David, 22 ára framherja Lille í Frakklandi, sem stórlíð Evrópu hafa horft til. „Stóra planið var að byggja upp lið sem yrði klárt í Heimsmeistaramótið eftir fjögur ár. Þeir eru með svakalega spennandi lið og eins og nefnt var þá eru David og Davies algjörlega frábærir leikmenn. Cyle Larin hjá Club Brugge er svo einn annar sem má nefna en hann er til alls líklegur,“ segir Hrafnkell Freyr um stöðuna.

„Alphonso Davies er eins og David Alaba er fyrir Austurríki, hann er bakvörður hjá Bayern en spilar aldrei þá stöðu í landsliðinu, Hjá Kanada er hann að sjá um miðsvæðið og ræður þar ferðinni. Ég sé þá alveg geta ógnað Króatíu en þeir verða í meiri vandræðum með Belg-



Hrafnkell Freyr Ágústsson, sérfræðingur

íu. Þeir keyra þetta áfram á krafti og hraða en þurfa að stilla varnarleikinn aðeins fyrir mótið.“

### Ziyech með lyklavöld

Lið Marokkó hefur nokkra skemmtilega leikmenn í sínum röðum en enginn er þekktari en Hakim Ziyech, leikmaður Chelsea. Þarna er einnig að finna Achraf Hakimi, leikmann PSG, sem er að margra mati besti hægri bakvörður fótboltans um þessar mundir. „Það var mikilvægast fyrir Marokkó að leysa deiluna sem hafði komið upp á milli Ziyech og fyrrverandi þjálfara liðsins. Walid Regragui tók við starfinu og hans fyrsta verk var að laga vandamálin sem voru til staðar og fá kantmanninn til að snúa aftur í landsliðið. Þeir eru svo með magnað teymi bakvarða, Noussair Mazraou er oftast að leika sem hægri bakvörður og þá færir Hakimi sig yfir til vinstri. Þeir eru með hörkulíð og þetta verður að ég held einn skemmtilegasti riðill mótsins. Króatar og Belgar geta ekkert bókað sæti sín áfram því Kanada og Marokkó eru bæði frambærileg lið,“ segir Hrafnkell. ■

## Brynjar blæs á kjaftasögurnar um að hann sé á heimleið

aron@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Íslenski miðvörðurinn Brynjar Ingi Bjarnason, leikmaður norska úrvalsdeildarfélagssins Vålerenga og íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu, er ekki á heimleið. Brynjar hefur undanfarna mánuði gengið í gegnum krefjandi tíma í Noregi en hefur trú á því að hann geta staðist væntingarnar sem bæði hann og félagið hafa.

„Ég er ekki á leiðinni heim til Íslands. Það er engin uppgjöf í mér,“ segir Brynjar við Fréttablaðið og segir sögusagnir um að hann gæti verið á heimleið ekki vera sannar.

„Tímarnir hérna úti í Noregi hvað framhaldið varðar líta bara vel út að mínu mati. Ég hef gengið í gegnum erfitt tímabil en eins og staðan er núna lítur þetta vel út. Það stefnir í að ég sé að fara fá þessa síðustu leiki á tímabilinu.“



Ég hef gengið í gegnum erfitt tímabil en eins og staðan er núna þá lítur þetta vel út.

Brynjar gekk til liðs við Vålerenga frá Lecce á Ítalíu í janúar og skrifaði undir langtímasamning við félagið. Miklar væntingar voru gerðar til Brynjars sem hefur ekki náð sér almennilega á strík undanfarið. Margt spilar þar inn í.

„Ég fékk Covid-19 á sínum tíma og glimdi við eftirköst þess í um fjórar til sex vikur. Það tók á andlega án

þess þó að hafa varanleg áhrif á mig. Andlegu erfiðleikarnir fólust í því að mér þótti leiðinlegt að missa þolið og þurfa að vinna það upp aftur nánast frá byrjunarreit.“

Þá hefði hann viljað hafa spilað betur í þeim leikjum sem hann fékk tækifæri í áður en hann smitaðist af veirunni.

„Þegar að ég kom fyrst til félagsins í janúar frá Lecce voru væntingarnar í minn garð mjög miklar. Það spilaði alveg smá inn í svekkelsið sem fylgdi því að ég náði ekki að sýna mínar bestu hliðar. Að sama skapi set ég mér mjög háleit markmið og veit að félagið sem og stuðningsmenn þess gera það líka. Hvað framhaldið varðar þá veit ég að hér er fólk sem hefur trú á mér enn þá og ég hef það sjálfur.“ ■

Nánar á [frettabladid.is](http://frettabladid.is)



Brynjar Ingi hefur verið á milli tannanna á fólk en kveðst ekki vera á heimleið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ ANTON BRINK





FORLAGIÐ

Alltaf opið á [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

KYNNINGARBLAÐ

FÖSTUDAGUR 4. nóvember 2022

Umbrá kemur fram í Hallgrímskirkju á laugardag.  
MYND/ADSEND

## Íslensk þjóðlög í Umbrubúningi

jme@frettabladid.is

Hljómsveitin Umbrá, sem skipuð er þeim Alexöndru Kjeld, Arngerði Maríu Árnadóttur, Guðbjörgu Hlín Guðmundsdóttur og Lilju Dögg Gunnarsdóttur, kemur fram á hádegistónleikum Iceland Airwaves í Hallgrímskirkju á morgun, laugardag 5. nóvember, klukkan 12.00. Miðaverð er 2.000 krónur.

Umbrá hefur reglulega haldið tónleika víðs vegar um heiminn á ýmsum tónlistarhátíðum. Sem dæmi má nefna í Svíþjóð, Kaupmannahöfn og Helsinki. Haustið 2021 fór hópurinn í tónleikaferð til Hollands. Hljómsveitin er svo á leið til Strassborgar á mánudag að spila hjá Evrópuráðinu.

### Tilnefndar til verðlauna

Umbrá hefur gefið út fimm plötur hjá Dimmu. Fyrstu þrjár hlutu allar tilnefningu til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem plata ársins í flokki þjóðlagatónlistar. Úr myrkriinu kom út 2018 og inniheldur forn lög úr evrópskum handritum sem tengjast dekkri hliðum mannegrar tilveru. Jólaláttan Sólhvörf kom út sama ár og bar sig úr bítum á hátíðinni 2019. Þriðja platan Llibre vermell kom út í nóvember 2019.

Á tónleikunum á laugardaginn flytja þær efni af nýrri plötu þeirra, Þjargrúnir sem kom út í maí síðastliðnum, þar sem íslensk þjóðlög og ballöður fá að njóta sín í einstakri útsetningu Umbrú. Hægt er að nálgast miða á [tix.is](http://tix.is). ■



Bryndis R. Hákonardóttir, markaðsstjóri Icewear, í fallegru Icewear úlpu einangraðri með íslenski ull.


FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Gjafir sem stuðla að útivist og ánægju starfsfólks

Nú stýttist í þann tíma þegar fyrirtæki fara að huga að jólaglaðning fyrir starfsfólkið. Það getur oft flækst fyrir stjórnendum hvað skuli velja til að sýna starfsfólkinu þakklæti. Icewear hefur aðstoðað fjölmörg fyrirtæki að finna hina fullkomnu starfsmannagjöf. **2**

POWERFUL NUTRITION  
FROM PLANTS

HEILAPOKA?

Fæst í helstu apótekum - [www.celsus.is](http://www.celsus.is)



Það getur verið vandasamt að velja hina fullkomnu jólagjöf þegar gefa á breiðum starfsmannahópi gjöf, en gott er fyrir stjórnendur fyrirtækja að spá í hvaða tón þeir vilja slá þegar jólagjöfin er opnuð, því gjöfin sjálf getur skapað ákveðna stemningu innan fyrirtækisins.

Bryndís Hákonardóttir, markaðsstjóri Icewear, segir það alltaf vera gott að gefa gjöf sem starfsmenn geta notað eða valið sjálfir.

„Það skemmir ekki fyrir ef gjöfin stuðlar að aukinni útivist, upplifun í náttúrunni og ýtir undir vellíðan og hreysti,“ segir hún.

Hún hvetur forstjóra fyrirtækja til að gera starfsfólk sitt útivistarfært á nýju ári með fallegri útivistargjöf.

#### Útivistarvörur fyrir alla

„Icewear býður upp á fjölbreytt úrval af spennandi gjafahugmyndum, í öllum verðflokkum, sem henta fyrir hvers konar útivist, leik og starf. Allar útivistarvörur Icewear eru hannaðar á Íslandi með íslenskar aðstæður að leiðarljósi,“ segir Bryndís og nefnir nokkrar hugmyndir sem gætu verið skemmtileg starfsmannagjöf.

„Ullarteppi er til dæmis falleg gjöf sem hefur mikið notagildi og tilvalin gjöf fyrir þá sem allt eiga. Fallegt ullarteppi setur líka sinn tón á heimilið. Svo er merínó ullargrunnlag tilvalin jólagjöf sem nýtist vel í vetur og auðvitað líka í útilegurnar í sumar. Merínóullin svíkur engan hvort sem hún er notuð sem þunnt, hlýtt og þægilegt grunnlag eða sem kósífatnaður heima á köldum vetrarkvöldum við arineldinn,“ segir hún.

„Falleg og hlý úlpa eða peysa merkt fyrirtæki er líka tilvalin gjöf fyrir útiveruna í vetur. Icewear býður upp á að merkja fatnað sé þess óskað og vinsælt hefur verið að merkja fatnað með nafni fyrirtækis. Lágstemmdar merkingar þar sem merki eða nafn fyrirtækis er saumað í fatnaðinn í sama lit og flikin hefur verið vinsælast og koma slíkar merkingar mjög vel út.“

Bryndís segir að fyrir þau fyrirtæki sem eru að leita að einstakri gjöf sem nýtist öllum vel, getur stuðlað að aukinni útivist og styður við íslenskan landbúnað, mæli hún heils hugar með því að skoða nýju ullareinangruðu útivistarlínu Icewear sem er orðin mjög fjölbreytt og spennandi.

„Úlpa einangruð með íslenskri ull er einstök og skemmtileg gjöf. Einstakir eiginleikar íslensku ullarinnar eru vel þekktir og það eru fáar útivistarflíkur sem geta stært sig af slíkum eiginleikum, en ullin gefur góða öndun, hrindir frá sér raka, hleypur ekki í kekki þó úti rigni og heldur jöfnum líkamsvarma við sibreytilegar aðstæður, sem við þekkjum afar vel hér á landi, svo eru verðin á þessari línu einstaklega sanngjörn,“ segir hún.

#### Sérniðin gjafakort

Gjafakort Icewear eru vinsælasta jólagjöfin samkvæmt Bryndísi, sem segir þau vera góða leið til að ná til sem flestra, því hver og einn getur valið þá gjöf sem hann eða hún gírnist, þegar hentar.

„Það hefur verið vinsælt að gefa Icewear gjafakort með til dæmis ullarhönsum, litríkum göngusokkum eða fallegu höfuðfati. Hægt er að fá Icewear gjafabréfin afhent í sérniðnu jólakorti sé þess óskað og býður Icewear upp á hönnun, sérmerkingar og prentun á jólakortinu, gegn vægu gjaldi. Fyrirtæki geta til dæmis deilt sérniðinni kveðju, ljóði, myndum, jólapistli eða öðru í jólakortinu ásamt lögó fyrirtækis sem gerir jólakortið mjög persónulegt.“



Ullin hefur alltaf verið kjarni Icewear.

**” Að gefa hlýja gjöf sem getur stuðlað að aukinni útivist og hreyfingu er gjöf sem fátt toppar.**

Skemmtilegar jólakveðjur í jólakorti setja oft punktinn yfir jólagjöfina. Gjafakort Icewear renna aldrei úr gildi,“ segir Bryndís.

Bryndís segir að eins og alltaf ábyrgist Icewear góð verð og hvetur hún fyrirtæki til að fá hugmyndir og verðtilboð hjá markaðsdeildinni. ■

Til að fá sérniðnar og hnitmiðaðar hugmyndir er best að senda póst með upplýsingum um starfsmannafjölda og upphæð gjafar á netfangið [marketing@icewear.is](mailto:marketing@icewear.is).



Bryndís segir það alltaf vera gott að gefa gjöf sem starfsmenn geta notað eða valið sjálfir og ekki sé verra ef gjöfin stuðlar að útivist og ýtir undir vellíðan og hreysti.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ANTON BRINK



Gjafabréf Icewear hafa verið vinsælasta jólagjöfin.

Ullarteppi er falleg gjöf sem hefur mikið notagildi og tilvalin gjöf fyrir þá sem allt eiga.  
MYNDR/ÞSENDAR



# Yfir 30 ára reynsla

1991 - 2022

## Við þökkum traustið



Hvað gerir þú við gamla farsímann?

Hvað verður um tölvubúnaðinn þinn?

Geymir þú viðkvæmar upplýsingar á USB lykli?

Hvað verður um gögnin þín?

Gagnaeyðing eyðir hverskyns gögnum og búnaði samkvæmt alþjóðlega viðurkenndu og vottuðu ferli, allt frá móttöku til eyðingar. Eyðingin sjálf gerist með tætingu og fer kurlið til endurvinnslu hjá viðurkenndum vinnsluaðila.

Hafðu samband!

Opið mánudaga - fimmtudaga 8:30 - 17:00 og til 16:00 á föstudögum.

Örugg eyðing gagna



# GAGNAEYÐING



# Frímínútur

friminutur@frettabladid.is



## Heimsins hnoss

### Þjóðminjasafnið

Biblía, rotin. Stór kistugarmur, ónýtur. Saumaskrúfa. Sjö tunnuskrifli, öll fúin og mjög bandafá, sumar heilar, sumar hálfar og flestar botnlausar. Nærbuxur, með gati. Þetta eru meðal annars þeir hlutir sem uppboðsbækur dánarbúa höfðu að geyma.

„Við höfum gríðarlegan áhuga á hversdagslegum hlutum sem gefa okkur mynd af hversdeginum fyrir löngu síðan,“ segir Steindór Gunnar Steindórsson hjá Þjóðminjasafninu.

Sýningin teflir saman upplýsingum um dánarbú sem varðveittar eru á Þjóðskjalasafni Íslands og gripum úr munasafni Þjóðminjasafnsins með það að markmiði að varpa ljósi á efnisheim fólks á 18. og 19. öld. Hvað átti fólk? Hvers virði voru eigr þess? Hvernig endurspeglast eigr fólks fyrir á öldum í varðveittum menningararfi þjóðarinnar?

Sýningin verður opnuð með viðhöfn á morgun, laugardag, klukkan 14 og ókeypis verður í safnið yfir opunarhelgina.



## Hljóðgervlar eiga sér rætur í orgelinu

### Hallgrímskirkja

Organistinn Kristján Hrnannar Pálsson leikur lög Daft Punk í dag klukkan 18 í Hallgrímskirkju en spilar þau á orgel kirkjunnar. „Það var nú bara hin dásamlega eiginkona mín sem átti þessa hugmynd. Allir þessir synthar sem einkenna tónlist Daft Punk eiga sér auðvitað rætur í orgelinu.“

Þetta snýst þá ekki um poppdrauma organistans?

„Nei, þetta er meira svona tenging milli tveggja skyldra heima. Þetta er tilraun organista til að sýna að þetta hljóðfæri á fullt erindi í alls konar tónlist í dag, bæði gamla og nýja.“

Uppáhaldslag Kristjáns Hrnannars með Daft Punk er Voyager.

„Sjúklega góð keyrsla og flottir hljómar. Alltaf þegar ég set það á koma samt krakkarnir mínir með háver mót-mæli og vilja bara One More Time.“ ■

## Hvað er að gerast um helgina?

### 4. nóv Föstudagur

#### ■ Iceland Airwaves, Off Venue tónleikar kl. 16.00

**Stúdentakjallarinn**  
16.00 Ólafur Kram  
16.50 Supersport!  
17.40 BSÍ

**18.20 Skoffín**  
Utandagskrá er úti um allan bæ og nánar má skoða hana á heimasíðu hátíðarinnar, icelandairwaves.is.

#### ■ Daft Punk á orgel

**Hallgrímskirkja kl. 18.00**  
Kristján Hrnannar Pálsson organisti spilar lög Daft Punk á mögnuðum tónleikum.

#### ■ Pétur Jóhann óhæfur

**Fosshótel Stykkishólmi kl. 20.30**  
Tveir tímar af nýju uppistandsefni frá Pétri Jóhanni. Veisla.

#### ■ Lögin hans Ladda

**Græni hatturinn kl. 21.00**  
Laddi flytur öll sín þekktustu lög á Græna hattinum ásamt stórhljómsveit.

#### ■ Kjallarakabarett:

**Miðnæturmunaður Þjóðleikhúskjallarinn kl. 23.00**  
Sverðgleytingar, fullorðinssirkus, drag og bommsadeisi. Fram koma Jellyboy, Jójójóakim, Duo Decadence, Júllala, María Callista, Margrét Maack og Tomtastic.



### 5. nóv Laugardagur



#### ■ Fjölskyldu-Afró

**Kramhúsið kl. 13.00**  
Dans, trommuleikur, leikir og söngur fyrir börn á aldrinum tveggja til tólf ára ásamt fullorðna fólkinu sem þeim fylgir.

#### ■ Einar Áskell 50 ára

**Bió Paradís kl. 11 og 14**  
Afmælisfögnuður á Alþjóðlegri barnakvikmyndahátíð í Reykjavík. Hentar börnum á öllum aldri. Frítt inn og allir velkomnir.

#### ■ Íslenska húðflúrsráðstefnan

**Laugardalshöll – alla helgina**  
Níutíu flúrarar alls staðar að úr heiminum koma saman til þess að taka þátt í ráðstefnunni í ár. Keppnir alla dagana. Nánar má lesa um dagskrá á viðburðinum Icelandic Tattoo Expo 2022 á Facebook.

#### ■ Síminn, ópera fyrir áhrifa-valda

**Harpa kl. 12 og 19**  
Lokahátíð Óperudaga, Harpa syngur, í Eldborg Hörpu. Hallveig Rúnarsdóttir sópran og Áslákur Ingvarsson barítón flytja verkið við undirleik hljómsveitar Óperudaga, undir stjórn Steinars Loga Helgasonar.



#### ■ Lögin hans Ladda

**Græni hatturinn kl. 21.00**  
Laddi flytur öll sín þekktustu lög á Græna Hattinum ásamt stórhljómsveit.

### 6. nóv Sunnudagur

#### ■ Grafísk hönnunarsmiðja fyrir alla fjölskylduna

**Hönnunarsafn Íslands kl. 13.00**  
Nýtskrifuðu hönnuðirnir Katla Einarsdóttir og Jóhanna Guðrún Jóhannsdóttir leiða smiðjuna sem byggð er á útskriftarverkefnum þeirra frá Listaháskólanum. Brugðið er á leik með leir, makkarónum og perlum. Sjón er sögu ríkari í þessum skemmtilegu nálgunum að grafískri hönnun, þátttaka er ókeypis og smiðjan ætluð allri fjölskyldunni.

#### ■ Plötusnúðar allan daginn

**Prikið kl. 13**  
Prikið hjálpar djammýrunum að trappa sig niður eftir helgina með ljúfum tónum og sveittum mat.

#### ■ Heimsins hnoss

**Þjóðminjasafnið alla helgina**  
Ókeypis inn á safnið laugardag og sunnudag í tilefni opunar sýningarinnar Heimsins hnoss. Sjá umfjöllun annars staðar á síðunni.



#### ■ Húðflúrsráðstefna í Laugardalshöll

**Laugardalshöll – alla helgina**  
Níutíu flúrarar alls staðar að úr heiminum koma saman til þess að taka þátt í ráðstefnunni í ár. Keppnir alla dagana. Nánar má lesa um dagskrá á viðburðinum Icelandic Tattoo Expo 2022 á Facebook.

#### ■ Konur dansa frá hjartanu

**Jógasetrið kl. 19.30**  
Fríða Freyja og Elsa Rós leiða hugleiðslu, dans og hljóðbað.

## ■ Airwaves



## Rokkari af gamla skólanum

„Ég, verandi rokkari af gamla skólanum, mæli með gömlu köllunum. Sá Dr. Gunna á 12 tónum á miðvikudagskvöld og þeir voru það góðir að ég ætla að sjá þá aftur á Gauknum í kvöld og svo lýk ég kvöldinu á HAM í Gamla bíó.“

Tómas mælir svo einnig með nýjum hljómsveitum sem hann segir að séu á barmi heimsfræðar. „Fyrir ykkur sem elskið að hafa puttann á púlsinum eru þrjár „must see“ íslenskar hljómsveitir, svona: „Ég náði að sjá þau rétt fyrir heimsfræð.“ Hljómsveitin Ólafur Kram hefur verið að gera allt vitlaust á X977 með laginu Aumingja Þuríður, hljómsveitin Kvíkindi gaf nýverið út plötu og svo Superserious. Ætli maður sinni ekki tónlistaruppeldinu líka og fari einmitt að sjá Ólaf Kram á Stúdentakjallaranum á morgun klukkan fjögur, off venue með guttunni ... ókeypis og æðislegt.“



## Þreif burt varalitagórilla

„Ég var einu sinni að vinna á Airwaves við að selja bjór þegar GusGus spilaði,“ rifjar Júlía Margrét Einarsdóttir upp. Þegar tónleikarnir voru búnir og búid var að tæma pleisið kom í ljós eitt fallegasta verkið á veggnum, sem var risastór górilla máluð á vegginn með varalit kvenna sem voru inspireraðar af tónlist GusGus. Ég var smá miður mín yfir að þurfa að þrifa hana burt.“

Júlía er komin í girinn. „Í ár er ég ótrúlega spennt að fara á Unu Torfa, skærustu stjórnun íslenskrar tónlistar í dag að mínu mati, og svo að sjá Altín Günu (sem gera mig alltaf svanga í falafel) og Go\_A. Þetta verður æðisleg hátíð og ég vona að það verði til margir varalitaapar!“ ■

## ■ Uppskriftin

### Royalistinn

Hinn einni sanni Royal toppaður með lakkrís og súkkulaði

Setjið Eitt Sett súkkulaðibita og rjóma saman í pott við meðalhán hita og bræðið saman. Þegar súkkulaðið er bræðið og hefur blandast við rjómann má hella sósunni úr pottinum yfir í könnu og leyfa að ná stofuhita áður en hún er sett yfir búðinginn. Einnig er hægt að skreyta með þeyttum rjóma, jarðarberjum og eitt settkúlum.

Setjið síðan 1–2 matskeiðar af sósu yfir búðinginn eða eftir



smekk, gott að setja í kæli í stutta stund áður en þeytti rjóminn er settur á til þess að koma veg fyrir að þeytti rjóminn leki til efsósan er enn þá volg.

Súkkulaði- og lakkrísbúðingur fyrir 4 hanastélsglös

**1 pakki Eitt Sett Royal-búðingur**  
**250 ml rjómi**  
**250 ml nýmiólk**

Pískið eða þeytið allt saman í um eina mínútu eða þar til blandan fer aðeins að þykkna.

Skiptið niður í falleg hanastélsglös eða skálar og kælið í um 30 mínútur, gott að gera rjómasúkkulaðisósuna á meðan.

Rjómasúkkulaðisósa með lakkrísbitum

**150–200 g Eitt Sett súkkulaði-stykki**  
**100 ml rjómi**



# KVIKMYNDIR

mánaðarins



MARVEL STUDIOS

BLACK PANTHER

# WAKANDA FOREVER

NÓVEMBER



# Missir, sorg og hefnd

Eftir dauða T'Challa konungs þurfa Ramonda drottning, Shuri, M'Baku, Okoye og Dora Milaje að berjast til að verja Wakanda konungdæmið fyrir ágangi heimsvelða.

Hetjurnar verða að snúa bókum saman til að marka þjóð sinni nýja framtíð.

Marvel Studios hóf undirbúning strax eftir frumsýningu Black Panther í febrúar 2018. Fljótlega tókust samningar við leikstjóran, Ryan Coogler, um að hann leikstýrði einnig framhaldsmyndinni, Black Panther: Wakanda Forever, og um mitt ár 2019 staðfesti Marvel Studios að vinna væri hafin.

Í ágúst 2020 lést Chadwick Boseman, sem lék T'Challa konung, af völdum ristilkrabba og setti það strík í reikninginn varðandi undirbúning framhaldsmyndarinnar. Marvel ákvað að fá ekki nýjan leikara í hlutverkið. Aðrir leikarar úr fyrri myndinni snúa hins vegar aftur og titill nýju myndarinnar var tilkynntur í maí 2021.

Tökur hófust svo seint í júní það ár og stóðu yfir fram í nóvember. Tekið var upp í Atlanta og Brunswick í Georgíu-fylki og einnig í Boston í Massachusetts, en gera þurfti hlé á tökum vegna þess að Letitia Wright slasaði sig við tökur. Tökur hófust svo á ný í janúar á þessu ári og lauk þeim seint í mars í Þuertó Ríkó.

Upphaflega ætlaði Ryan Coogler að láta Black Panther: Wakanda Forever og fleiri framhaldsmyndir snúast að einhverju leyti um það hvernig T'Challa í meðförum Chadwicks Bosman myndi vaxa sem konungur þar sem ríki hans var nýtt af nálinni í kvikmyndaheimi Marvel þrátt fyrir að í mynda-sögum Marvels hefði hann ríkt frá



## Fróðleikur

- Ryan Coogler hefur sagt að það erfiðasta sem hann hafi gert sé að gera þessa mynd án Chadwicks Boseman.
- Derrick Boseman, bróðir Chadwicks, var á móti því að skrifa T'Challa, persónuna sem bróðir hans lék í Black Panther, út úr myndaflokknum eftir dauða Chadwicks. Hann telur að ráða hefði átt nýjan leikara og að bróðir hans hefði ekki viljað láta persónuna deyja með sér.
- Tenoch Huerta lærði tungumál Maya fyrir hlutverk sitt sem Namur. Hann var ósýndur en lærði einnig að synda fyrir hlutverkið.
- Þritugasta myndin í kvikmyndaheimi Marvel.

því að hann var barn að aldri.

Allt breyttist þetta samt, eins og oft gerist með bestu áætlanir músa og manna. Chadwick Boseman lést úr ristilkrabba 28. ágúst 2020. Coogler leikstjóri sagðist ekki hafa vitað af veikindum Bosemans, síðasta árið hefði hann verið að ímynda sér og semja texta fyrir hann sem addáendur myndu nú aldrei njóta.

Niðurstaðan í Black Panther: Wakanda Forever svikur hins vegar engan Marvel-addáanda. ■

Sambíóin, Smárabíó Háskólabíó og Laugarásbíó

Frumskýnd  
11. nóvember 2022

**Aðalhlutverk:**  
Tenoch Huerta, Angela Bassett, Danai Gurira, Letitia Wright og Lupita Nyong'o

**Handrit:**  
Ryan Coogler og Joe Robert Cole

**Leikstjórn:**  
Ryan Coogler

12



# Fyndið og þroskandi ævintýri

Skrýttinn heimur snýst dálítið um hinn réttnefnda Finn Klængs, sem er úr Klængs-fjölskyldunni sem á sér glæsta sögu sem heimsþekktir landkönnuðir, þeir bestu í öllum heiminum.

Finnur hefur bara alls engan áhuga á að feta í fótspor fjölskyldu sinnar.

Í stað þess að lifa ævintýrlegu, ófyrirsjáanlegu, háværu og hættulegu lífi landkönnuðarinnar þráir hann það eitt að vera bóndi, rækta landið og búa við kyrrð og hæglati í sínu lífi.

Nú virðast þessi áform Finns vera í fullkomnu uppnámi vegna þess að á vegi hans og fjölskyldu hans verður heimur sem erfitt er að átta sig á og útskýra, heimur sem hreinlega býður náttúrulegumálunum byrginn.

Viðbrögð Finns annars vegar og annarra í fjölskyldu hans hins vegar við átökum og hættu eru mjög ólík en nú þurfa þau öll að láta fjölskyldudeilur lönd og leið ætli þau raunverulega að komast að því hvað þessi ný og ókunnir heimur hefur upp á að bjóða.

Klængs-fjölskyldan gengur á vit hins óþekktu í fylgd með samansafni ólíkindatöla, stríðinni klessu, þrífættum hundi og fjölda glórhungraðra kvikinda.

Leikstjórnin, Don Hall, segir innblásturinn að Skrítnum heimi koma frá sigildum ævintýrum. Myndin sé ævintýragrínmynd um þrjár kynslóðir Klængs-fjölskyldunnar sem nái að sýna samstöðu þrátt fyrir skiptar skoðanir þegar þær þurfa í sameiningu að kanna undarlegan, stórfenglegan og



## Fróðleikur

- Upphaflega átti myndin að heita Finnur Klængs
- Nafn myndarinnar má rekja til tveggja myndasagna frá sjötta áratug síðustu aldar. Önnur þeirra var gefin út af Atlas Comics (forvera Marvel Comics sem er í eigu Disney)
- Sextugasta og fjórða teiknimyndin frá Disney.

gjarnan fjandsamlegan heim.

Hall segir söguþráðinn í Skrítnum heimi sækja margt í myndasögur frá því snemma á síðustu öld, sem hann hreifst mjög af sem barn. Í þeim fundu landkönnuðir gjarnan horfna heima eða fornar verur. „Þarna fékk ég innblásturinn að Skrítnum heimi,“ segir hann.

Sumir segja að myndin minni á aðra Disney-mynd, Atlantis: The Lost Empire, sem einnig fjallar könnuði sem fara um svæði sem umheimurinn hefur að mestu látið ósnortin.

Afbragðsgóð íslensk talsetning gerir Skríttinn heim að tilvalinni kvikmynd fyrir alla fjölskylduna. ■

Sambíóin, Smárabíó, Háskólabíó og Laugarásbíó

Frumskýnd  
25. nóvember 2022

**Aðalhlutverk:**  
Ævar Þór Benediktsson, Steinn Ármann Magnússon, Benedikt Gylfason, Sólveig Guðmundsdóttir og Þórunn Erna Clausen

**Handrit:**  
Í íslenskri þýðingu Haralds G. Haralds, söngtextar þýddir af Birni Thorarensen.

**Leikstjórn:**  
Rósa Guðný Þórsdóttir

Talsett á íslensku

6







**MJÚKT  
SÚKKULADI &  
STÖKK  
KARAMELLA**



# Margverðlaunuð gamanádeila

Spænsk gamanmynd um eiganda verksmiðju sem lendir í kröppum dansi þegar ýmis vandræði blasa við þegar hann er í þann mund að taka á móti dómnefnd sem ætlar mögulega að verðlauna fyrirtækið fyrir glæsilegan árangur í rekstri.

Söguvið The Good Boss er Blancos Básculas-verksmiðjan. Þar verður allt að vera í jafnvægi öllum stundum, enda framleiðir verksmiðjan vogir af öllum stærðum og gerðum.

Javier Bardem leikur forstjórann sem virðist vera mesta gæðablóð. Hann er að undirbúa starfsliðið fyrir skoðun dómnefndar sem hefur það hlutverk að velja það fyrirtæki sem hlýtur virt verðlaun.

Andrúmsloftið breytist hins vegar og ýfingar koma upp á yfirborðið þegar Jose, starfsmaður sem nýlega var rekinn, birtist með tvö börn sín og krefst þess að vera endurráðinn.

Þegar stjórnendur Blanco neita að endurráða hann byrjar starfsmaðurinn eins manns herferð til að grafa undan Blanco og koma í veg fyrir að fyrirtækinu hlotnist hin eftirsóttu verðlaun.

Javier Bardem þykir fara á kostum í hlutverki Julio Blanco sem virkar sem besta skinn en lendir í kröppum dansi og allt virðist snúast í höndum hans..

Handritið þykir einstaklega vel úr garði gert, húmorinn flugbeittur. Gagnrýnendur hafa sumir nefnt að svo virðist sem hlutverk Blancos sé sérstaklega skrifað fyrir Bardem og einstaka hæfileika hans til að beita svipbrögðum á hárfinan hátt til að draga fram það skoplega og jafnvel hlægilega.



## Fróðleikur

- Engin mynd hefur nokkru sinni fengið fleiri tilnefningar til Goya-kvikmyndaverðlaunanna (20 tilnefningar), sem kölluð eru spænski Óskarinn.
- Í myndinni felst ádeila og felst hún ekki sist í því að verksmiðja Blancos framleiðir vogir, sem eru tákn réttlætisins.

Myndin var framlag Spánar til Óskarsverðlaunanna 2022 en kvikmyndin fékk hvorki meira né minna en 20 tilnefningar til spænsku Goya-verðlaunanna og hlaut sex verðlaun, meðal annars sem besta kvikmynd ársins.

Myndin er tilnefnd sem Besta gamanmyndin til Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna 2022, en verðlaunin verða afhent í Reykjavík þann 10. desember næstkomandi. ■

Frumskýnd  
17. nóvember 2022

**Aðalhlutverk:**  
Javier Bardem, Manolo Solo og Almudena Amor


**Handrit:**  
Fernando León de Aranoa

**Leikstjórn:**  
Fernando León de Aranoa

Spænsk tal með  
íslenskum texta

12

Bíó Paradís



# Útbrunnin poppstjarna gefst ekki upp

Riche Bravo er útbrunnin, austurrísk poppstjarna sem kemur fram á þunglyndislegum skemmtunum á ferðamannastaðnum Rimini. Hann tekur hvern drykkjutúrinn á fætur öðrum en einn daginn dúkkar dóttir hans upp og biður Richie um peninga.

Raunar er Rimini annar hluti tvíleiks um Richie og bróður hans, Ewald.

Þegar móðir Richie deyr snýr hann aftur til æskuheimilisins í Austurríki. Þar er fyrir fadir hans sem kominn er með minnisglöp og bróðir hans, Ewald.

Richie er í senn fánleg figúra og geðþekkur náungi. Hann heldur í útlitið sem hann tileinkaði sér á níunda áratug síðustu aldar, með aflitadan hármakka í ermalausum bol.

Hvort sem hann er á sviðinu eða ekki er Richie alltaf að koma fram. engu máli skiptir hvort hann er að fá sér bjór, syngja klassískt ljóð í útför móður sinnar eða kyrjandi sína gömlu slagara. Tónlist Frits Ostermayer og Herwig Zamernik sem er sérstaklega samin fyrir myndina nær í hnotskurn kjarna Schlager-tónlistarinnar, sem sumum finnst gott og öðrum ekki. Það fer allt eftir smekk fólks.

Richie fer aftur til Rimini og nú er ferðamannatímabilinu lokið og við ströndina er eilíf þoka.

Ekki er alveg ljóst hvað gefur meira af sér fyrir Richie; að troða upp fyrir gamla aðdáendur fyrir jafnvel svo lítið sem 200 evrur á kvöldi eða sem ástmaður gamla viðskiptavina sem hafa séð betri tíma, líkt og Richie sjálfur. Myndin dregur upp grátbroslega mynd af brostinni tilveru fólks sem reynir að lifa á öðrum tíma, annarri öld.



## Fróðleikur

- Ulrich Seidl gerði þrileikinn um Paradís 2012.
- Seidl var rekinn úr kvikmyndaakademíunni í Vínarborg fyrir myndina The Prom (1982) vegna þess að kennurinum líkaði ekki uppbygging myndarinnar og klipping og óttuðust að hún myndi skaða orðspor akademíunnar.

» Hvort sem hann er á sviðinu eða ekki er Richie alltaf að koma fram.

Michael Thomas þykir dásamlegur í hlutverki Richie.

Stórkostleg kvikmynd úr smiðju Ulrich Seidl sem keppti um aðalverðlaunin á kvikmyndahátíðinni Berlinale 2022. ■

Frumskýnd  
1. desember 2022


**Aðalhlutverk:**  
Michael Thomas, Tessa Göttlicher, Hans-Michael Rehberg

**Handrit:**  
Veronika Franz og Ulrich Seidl

**Leikstjórn:**  
Ulrich Seidl  
Þýskt og ítalskt tal með íslenskum texta.

16


Bíó Paradís





# m&m's

MEÐ  
BÍÓMYNDINI





# Baráttu fyrir réttlæti og viðurkenningu

Leikararnir í Devotion þykja slá í gegn. Myndin er smart og faguð og hefst á loft þegar áhorfandinn á síst von á því.

Devotion er byggð á raunverulegum atburðum sem áttu sér stað í Kóreustríðinu. Myndin er einlæg og átakanleg og skyggist inn í líf orrustuflugmannanna Jesse Brown og Tom Hudner, auk þess að gægjast inn í líf traustra félaga þeirra á tímum mikillar ógnar.

Myndin er byggð á bókinni Devotion: An Epic Story of Heroism, Friendship and Sacrifice eftir Adam Makos.

Í Devotion er rýnt í hetjurnar sem hafa barist og berjast enn fyrir jafnrétti. Rýnt í sögurnar sem aldrei hafa verið sagðar.

Þetta er stríðsmynd sem fjallar um aðskilnað kynþátta, hugrekki og þær fórnir sem menn færa til að verja land sitt.

Sem fyrr segir er söguviðið Kóreustríðið. Kastljósinu er beint að Jesse Brown, fyrsta svarta orrustuflugmanninum. Hann er vel þjálfður og fær orrustuflugmaður sem aldrei nýtur sannmælis aðallega vegna hörundslitar síns.

Jesse kljást við fordóma í sjóhernum, sem nýlega hefur aflagt aðskilnaðarstefnu milli kynjanna og félagar hans í flugsveitinni eru engu skárri en foringjarnir.

Kemur þá til sögunnar Tom Hudner liðsforingi sem gengur til liðs við flugsveit Jesse. Milli þeirra myndast gagnkvæm virðing og aðdáun á hæfni hvor annars í háloftunum.

Jesse er eina svarta andlitið í hafsjó hvíttra. Hann verður sífellt að sanna sig í hlutverkinu sem hann hefur helgað sig.

Athýglisverð atburðarás færir sviðið á frönsku Rívíeruna þar sem



## Fróðleikur

- Bandaríski sjóherinn nefndi herskip til heiðurs Jesse Brown. USS Jesse Brown FF1089, Knox Class, var hleypt af stokkunum 17. febrúar 1973 og tekið úr notkun 27. júlí 1994.
- Jesse Brown var fyrsti þeldökki orrustuflugmaðurinn í bandaríska sjóhernum.
- Myndin var tekin í Bandaríkjunum en ekki Kóreu.

þeir rekast á bandaríska kvikmyndagyðjuna Elizabeth Taylor sem býður piltunum í spilavíti. Jesse verður enn á ný fyrir kynþáttafordómum og Tom reynir að verja félagar sinn gegn hópi landgönguliða.

Þegar þeir koma aftur til Kóreu fer flugsveitin í för sem reynist mjög hættuleg og þegar þota Jesse verður fyrir skoti reynir mjög á Tom, sem kemur til aðstoðar við mjög hættulegar aðstæður. ■

Laugarásbió, Smárabíó, Háskólabíó og Sambíóin Egilshöll og Akureyri

**Frumssýnd**  
25. nóvember 2022

**Aðalhlutverk:**  
Jonathan Majors, Glen Powell, Serinda Swan, Thomas Sadowski, Joseph Cross og Daren Kagasoff

**Handrit:**  
Jake Crane, Adam Makos og Jonathan Stewart

**Leikstjórn:**  
J.D. Dillard

12



## Gengið á hólm við Myrkráhöfðingjann

Nunna undirbýr andasæringu og stendur frammi fyrir djöfullegu afli með dularfull tengsl við hennar eigin fortíð.

Nunnan, Ann, telur að hún sé að svara köllun um að verða fyrsta konan til að gerast særingamaður ... en hver, eða hvað ... kallaði á hana?

Þegar djöfulleg andsetning færir mjög í aukana í heiminum sækir Ann um skólavist í særingaskóla sem kaþólska kirkjan hefur opnað á ný. Fram til þessa hafa þessir skólar eingöngu þjálfað presta til særingaathafna og konur hafa ekki mátt framkvæma slíkar athafnir, en lærimeistari við skólann kemur auga á sérstaka hæfileika Ann og fellst á að þjálfja hana.


Ásamt samnemanda sínum, föður Dante, er Ann nú komin í fremstu víglínu trúarinnar og berst fyrir sál ungrar stúlku sem Ann trúir að sé haldin sama illa anda og kvaldi hennar eigin móður fyrir mörgum árum.

Tengsl Ann við Natalie, stúlkuna sem hafði áður losnað við illa anda en er nú aftur andsetin, koma mjög á óvart.

Staðráðin í að uppræta hið illa og bjarga Natalie áttar Ann sig snarlega á því að Myrkráhöfðinginn er að leika sér að henni.

Nú er þetta orðið einvígi milli nunnunnar Ann og Djöfulsins. Ann hefur betur en ekki er allt sem sýnist. Endirinn kemur mjög á óvart. ■

Laugarásbió og Sambíóin Egilshöll og Akureyri



Einungis prestar hafa hingað til mátt framkvæma særingarathafnir.

**Frumssýnd**  
4. nóvember 2022

**Aðalhlutverk:**  
Jacqueline Byers, Virginia Madsen, Christian Navarro, Colin Salmon, Nicholas Ralph og Ben Cross

**Handrit:**  
Robert Zappia, Todd R. Jones og Earl Richey Jones

**Leikstjórn:**  
Daniel Stamm

16

## Hugljúf og einlæg mynd

Þegar Múmínsnáðinn er stunginn af vespu og verður að vera rúmliggjandi ákveður Múmín-pabbi að reyna að hressa hann aðeins við með því að segja sögur af ævintýralegum æskuárum sínum en barnæska hans var engan veginn venjuleg, raunar mjög framandi því sem nútíma-kynslóðir þekkja í dag.

Múmín-pabbi segir frá erfiðri barnæsku sinni, hvernig hann strauk af munaðarleysingjahæli og því þegar hann hitti uppfinningamanninn Friðriksson.

Hann greinir frá svaðilför í bát í fávíðri og stórsjó og ævintýrum sínum í ríki einræðiskonungs.

Múmín-pabbi stofnar líka nýlendu, vingast við draug og svo – eina óveðurnótt – bjargar hann Múmínmömmu úr sjönunum. Og við þekkjum það sem á eftir kom.

Ævintýri ungs Múmínálfs er hugljúf og einlæg mynd sem gerist í heimi imyndunarafslins – Múmíndal.

Múmín-pabbi rifjar upp barnæskuna á ljóslifandi hátt og segir frá ævintýrum sem heilla alla sem varðveitt hafa barnið í hjarta sínu. Tilvalin fjölskyldumynd.

Í þessari mynd rifjum við, sem þekkjum Múmínálfa, upp kynnin af Múmínmömmu, Múmín-pabba, Múmínsnáðanum og öllum hinum stórkostlegu persónunum sem Tove Jansson færði okkur. Þarna eru Snorkstelpa, Snorkurinn, Snabbi, Mía litla, Snúður, Hemúllinn, Morrinn, Hattifattarnir og margir fleiri. ■

Laugarásbió og Bíó Paradís



Mynd sem heillar alla sem hafa varðveitt barnið í hjarta sínu.

**Frumssýnd**  
11. nóvember 2022

**Aðalhlutverk:**  
Karl Örvarsson, Laddi, Arnór Björnsson, Árni Beinteinn, Hjalti Rúnar Jónsson, Andrea Ösp Karlsdóttir, Einar Örn Einarsson og Ylfa Marín Haraldsdóttir

**Handrit:**  
Ira Carpelan

**Leikstjórn:**  
Ira Carpelan. Sigurður Árni Ólason leikstýrði á íslensku

L



HÁSKÓLA BÍÓ

BÍÓ ★ PARADÍS

ÁLFABAKKI  
SAMBÍÓN

HARRIS  
DICKINSON

CHARLBI  
DEAN

DOLLY  
DE LEON

ZLATKO  
BURIĆ

HENRIK  
DORSIN

VICKI  
BERLIN

AND

WOODY  
HARRELSON



PALME D'OR  
FESTIVAL DE CANNES

# TRIANGLE OF SADNESS

A FILM BY RUBEN ÖSTLUND

*Óvæntasta ferðalag ársins!*

**Gullpálminn í Cannes 2022 - KOMIN Í BÍÓ**

Nordisk  
Film & TV Fond

Creative  
Europe  
MEDIA

EUROPA CINEMAS



ISLANDS



# Fréttin sem leiddi til #MeToo

Megan Twohey og Jodi Kantor, blaðamenn The New York Times, eiga í sameiningu heiðurinn af því að ein stærsta frétt aldarinnar kom fyrir sjónir almennings. Þær afhjúpuðu það hvernig þagnar-múr hafði umlukið umfangsmikið kynferðislegt ofbeldi í Hollywood í áratugi.

5. október 2017 birtu þær frétt um Harvey Weinstein þar sem meira en 80 konur komu fram undir nafni og ásökuðu hann opinberlega um margvíslega kynferðislega áreitni og nauðgun.

Weinstein, sem um langt árabíl hafði verið valdamesti maðurinn í Hollywood, var í kjölfar þessa rekinn úr starfi og upp úr þessu spratt #MeToo-hreyfingin, sem bandaríska baráttukonan Tarana Burke stóð fyrir í byrjun.

The New York Times hlaut Pulitzer-verðlaunin fyrir almannaþjónustu árið 2018 fyrir þetta framtak Twohey og Kantor. Þær hlutu George Polk-verðlaunin fyrir sinn þátt í málinu og voru útnefndar á lista tímaritsins Time yfir 100 hrifamestu einstaklinga ársins.

She Said er byggð á bók sem Twohey og Kantor skrifuðu um rannsóknina á Weinstein. Bókin heitir She Said: Breaking the Sexual Harassment Story that Helped Ignite a Movement og var útnefnd sem ein af bestu bókum ársins 2019 hjá Washington Post, NPR og New York Public Library, New York Times og tímaritinu Time.

She Said hefur verið líkt við myndina All the President's Men sem gerð var eftir bók Woodward



## Fróðleikur

- Brad Pitt er einn framleiðandi myndarinnar. Honum var kunnugt um háttsemi Harvey Weinstein í áratugi áður en hann keypti kvikmyndaréttinn að bókinni. Bæði Gwyneth Paltrow, kærasta Pitts á tíunda áratugnum, og Angelina Jolie, fyrrverandi eiginkona hans, höfðu lent í klómum á Weinstein.
- Myndin var kvikmynduð í byggingu The New York Times og mun vera fyrsta kvikmyndin vestan hafs sem skartar raunverulegum skrifstofum og er ekki tekin í myndveri.

og Bernstein, blaðamannanna á Washington Post sem afhjúpuðu Watergate-hneykslið sem leiddi til afsagnar Richards Nixon Bandaríkjaforseta.

Ljóst er að áhugafólk um samtímasögu og sögu yfirleitt lætur þessa mynd ekki fram hjá sér fara. Watergate-hneykslið hafði mikil áhrif, en mest í Bandaríkjunum. #MeToo hefur áhrif um allan hinn vestræna heim. ■

Laugarásbíó, Smárabíó og Sambíóin Kringlunni og Akureyri

Frumskýnd  
18. nóvember 2022

**Aðalhlutverk:**  
Carey Mulligan, Zoe Kazan,  
Patricia Clarkson, Andre  
Braugher og Jennifer Ehle

**Handrit:**  
Rebekka Lenkiewicz, byggt  
á bók eftir Megan Towley og  
Jodi Kantor

**Leikstjórn:**  
Maria Schrader

16



# Heimsyfirráð eða dauði

Band er hrakfallakómédia af bestu gerð, séð með augum þriggja kvenna sem eitt sinn ætluðu að slá í gegn.

Nú eru þær að verða fertugar og gefa sér eitt ár og ekki lengur til að verða poppstjörnur. Takist það ekki ætla þær að hætta og aldrei líta til baka.

Band er saga af kvennarokksveit sem ætlar að hætta öllu til að ná frægðinni. Sennilega mistekst þeim og svo eru þær í rauninni ekki hljómsveit.

Hljómsveit kvennanna heitir The Post Performance Blues Band og er nafnið nokkuð lýsandi fyrir söguþráð myndarinnar og raunar rót sögunnar. Þær eru að reyna að rífa sig út úr blúsum.

Álfrún Örnólfsdóttir leikur sér með heimildarmyndarformið og beinir myndavélinni meðal annars að ljótleika lífsins og sýnir hvernig höfnunin ræktar seiglu.

Sjálf segir Álfrún að hún beini sjónum sínum að fegurðinni og möguleikunum sem felast í höfnun. Hljómsveitinni mistekst trekk í trekk þannig að konurnar þrjár verða tilvaldar andhettur fyrir kvikmynd.

Ef ein manneskja væri að ganga í gegnum þetta værum við að tala um harmleik – það er ekkert fyndið við að mistakast einni. En þegar þrjár eru saman komnar og myndavél með í för verður úr grátlegur gamanleikur.

Framvinda sögunnar er ekki algerlega línuleg en þær gef sér eitt ár til að slá í gegn og það rammar inn söguþráðinn.

Byggingin er draumkennd með afturhvarfi, tónlistar-millipáttum í bland við línulega framvindu sögunnar þetta ár.

„Mig langar að gefa áhorfand- anum innsýn í myndunarafl aðal- persónanna sem eru sviðsvanar og



## Fróðleikur

- Margrét Örnólfsdóttir, systir Álfrúnar, handritshöfundar, leikstjóra og leikkonu í Band, var meðlimur í Sykurmólunum sem sannarlega slógu í gegn.
- Í myndinni Með allt á hreinu þar sem allt gekk út á það hjá Stuðmönnum að slá í gegn var kvennasveitin Gærurnar sem gerðu Stuðmönnum lífið leitt.
- Ragnhildur Gísladóttir, aðalleikkonan í Með allt á hreinu, stofnaði Grýlurnar, kvennasveit sem sló í gegn á Íslandi.

jafnframt sýna hvernig konurnar í hljómsveitinni nota innsæi sitt bæði á sviði og þegar þær eru ekki á sviði.

Áhorfandinn fylgist með tilraun hljómsveitarinnar til að hljóta frægð og frama, hvernig þær gefa allt sitt og fyllast stolti yfir því hvernig sem allt fer.

Þegar allt kemur til alls snýst þetta um heimsyfirráð eða dauða,“ segir Álfrún. ■

Smárabíó, Háskólabíó, Laugarás- bíó og Bíó Paradís

Frumskýnd  
4. nóvember 2022

**Aðalhlutverk:**  
Hrefna Lind Lárusdóttir, Saga  
Sigurðardóttir, Álfrún Örnólfs-  
dóttir og Pétur Eggertsson

**Handrit:**  
Álfrún Örnólfsdóttir

**Leikstjórn:**  
Álfrún Örnólfsdóttir

Íslenskt tal

L





## Hvað er um að vera í næstu viku?

### 8. nóvember Þriðjudagur

#### ■ ADHD og konur

##### ADHD samtökin kl. 20.00

Griðarlegur fjöldi kvenna hefur ekki fengið greiningu á ADHD og er það ein af ástæðunum fyrir því að þær eru einn stærsti hópurinn sem tekst á við kulnun í dag.

#### ■ Er Ísland að drukkna í flóttafólki?

##### Háskóli Íslands

Opinn hádegisfundur á vegum Höfða friðarseturs, Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands í stofu N-132 í Öskju.

### 9. nóvember Miðvikudagur

#### ■ Á sporbaug, útgáfuleði Hús Máls og menningar kl. 17.00

Á sporbaug fjallar um nýyrði listaskáldsins góða Jónasar Hallgrímssonar.



#### ■ Mávurinn, sýning Breska Þjóðleikhússins

##### Bió Paradís kl. 19.00

Emilia Clarke leikur aðalhlutverkið í uppfærslu Breska Þjóðleikhússins, í verki Antons Tsjékhovs um ást og einmanaleika.

#### ■ Salsakvöld með SalsaIceland

##### Iðnó kl. 19.30

Prufutími fyrir byrjendur hefst kl. 19.30 en kl. 20.00 byrjar dansleikur.

### 10. nóvember Fimmtudagur

#### ■ Grænn drekkutími

##### Iðnó kl. 16.30

Langar þig að taka drykk eða tvo, spjalla um umhverfismál og kynnast nýju fólki? Óformlegur drekkutími um loftslagsmál á annari hæð í Iðnó. Græni drykkur mánaðarins verður á boðstólum.

## Ástarþríhyrningur áhrifavalda

Óperudögum lýkur nú um helgina og á lokadegi hátíðarinnar verður kammeróperan Síminn – ópera fyrir áhrifavalda sýnd tvisvar sinnum.

Óperudrottningin Hallveig Rúnarsdóttir syngur áhrifavalda Lúsi Þórólfsdóttur, eða Lúsilicious eins og hún kallar sig á samfélagsmiðlum. Óperan er aðeins tuttugu og fimm mínútur í flutningi og þar er ekki um að ræða styttingu til að falla að hraða nútímasamfélags.

„Óperan var frumflutt árið 1947 í þessari lengd, en hún er hugsuð sem órópera, líklegast vegna þess að Menotti hefur hugsað hana fyrir yngri kynslóðina ... ekki verið meiri traust á athyglisspaninu þá en núna greinilega!“ segir Hallveig.

Óperan heitir upprunalega Ástarþríhyrningurinn og fjallar um parið Lúsi og kærastann hennar Ben. „Hann þarf stöðugt að berjast við símann hennar um athygli hennar, en hann hefur viss áform í huga. Í upphaflegu útgáfunni er um að ræða snúrúsíma, en okkur fannst tilvalið að uppfæra textann, svo nú eru samfélagsmiðlar orðnar að aukaper-



sónum í verkinu á mjög sniðugan hátt. Við fengum Braga Valdmar með okkur í lið til að færa óperuna í nútímann.“

Þegar blaðamaður spyr Hallveigu um hvort hægt sé að fylgjast með einhverjum áhrifavöldum í óperuheiminum segist hún ekki muna eftir neinum: „Við erum svo lummó í faginu! Nei, ég segi svona.

Kannski breytist það með svona áhrifavaldaóperu!“

Síminn – ópera fyrir áhrifavalda verður sýnd tvisvar sinnum á morgun, laugardag, í Hörpu klukkan 14 og 19. Áslákur Ingvarsson barítón syngur á móti Hallveigu og um undirleik sér hljómsveit Óperudaga, undir stjórn Steinars Loga Helgasonar. ■

Hallveig Rúnarsdóttir óperusöngkona sem Lúsilicious.

MYND/ADSEND

### ■ Skritin staðreynd vikunnar

**Björkanna af fótssvita**  
Senn liður að ullarsokka-tímabili og kuldaskóm. Í fótunum eru um 500.000 svitakirtlar og geta þessir kirtlar framleitt um 500 millilítra af svita á dag. Skemmtilegt er að sjá það fyrir sér sem fulla björkollu ... af svita.



TVÆR VERSLANIR

**NEXUS** NEXUS.is VEFVERSLUN MEÐ YFIR 10.000 VÖRUR!

GLÆSIBÆR & KRINGLAN

ÚRVAL AF POP! VINYL FIGÚRUM

VERÐ FRÁ 2.499 KR.

STAR WARS

SONIC THE HEDGEHOG

MARVEL

BATMAN

NEXUS

Kringlan 4-12, 103 Rvk. - s. 552 9012  
Glæsibær Álheimar 74, 104 Rvk. - s. 552 9011



## G"EGGJAÐ" SPENNANDI SEÐILL

Eggs Benedict, amerískar pönnukökur, avókadó rist, mega brunch og fleiri girnilegir réttir og brunch kokteilar.

Matsæðill og borðapantaniir á [saetasvinid.is](http://saetasvinid.is)

## HELGAR BRUNCH

laugardaga og sunnudaga  
11.30–14.30

SÆTA SVÍNID // Hafnarstræti 1-3 // Sími 555 2900





Það er ótrúlega skemmtilegt að dunda sér við brauðbaktur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Næringarríkt heimabakað brauð

elin@frettabladid.is

Heimabakað brauð er alltaf frábært og hér er uppskrift sem er mjög einföld þótt hún taki tíma. Þetta er hollt og treffaríkt brauð sem fer vel í magann. Nýtt brauð með góðu áleggi er frábært að eiga um helgar. Þar að auki er svo skemmtilegt að baka brauð. Þetta brauð þarf ekki að hnoða.

### Hrært brauð

400 g hveiti  
100 g heilhveiti  
50 g rúgmjól  
25 g hveitiklöß  
25 g hveitikím  
100 g sólblómafræ  
½ tsk. þurrger  
1 tsk. salt  
1 msk. maltextrakt  
500 ml kalt vatn

Hitið ofninn í 250°C. Brauðið er bakað í flöngu formi með loki, sem tekur 4 lítra. Einnig er hægt að nota álpappír sem lok. Hrærið allt saman nema maltextrakt og vatn. Hrærið maltextrakt út í vatnið og hrærið saman og setjið saman við þurrrefnið, deigið á að vera klístrað.

Deigið er sett í formið og látið hefast undir loki í 8-20 tíma eftir því sem þið hafið tíma til. Látið þá deigið á bökunarpappír og stráið smávegis hveiti yfir það. Látið hefast aftur í tvo tíma. Formið er sett tómt inn í 250°C heitan



Góð súpa og heima-bakað brauð. Ekki slæmur kostur á vetrar-degi.

ofn í einn og hálfan tíma. Takið heitt formið út og komið deiginu fyrir í því. Setjið lok yfir og bakið í 30 mínútur, takið lokið þá af og bakið áfram í 15 mínútur á 220°C. Kælið brauðið á rist.

Þegar brauð er bakað án þess að hnoða það þarf að gefa sér góðan tíma því deigið þarf að hefast lengi. Baksturinn er einfaldur og til dæmis er hægt að undirbúa brauðbakturinn á laugardegi og baka brauðið síðan á sunnudagsmorgni. Þá er hægt að bjóða upp á nýbakað og gott brauð með hádegishressingunni. Ef þú hefur ekki tíma til að baka brauðið á sunnudeginum er hægt að geyma deigið í ísskáp í fjóra daga.

Þegar deigið hefast í svona langan tíma vakna ýmis ensím í korninu sem gerir brauðið bæði næringarríkara og auðmeltanlegra. Þegar maður gerir brauð sjálfur er hægt að hafa stjórn á hversu gróft það á að vera með því að bæta við fræjum eða sleppa þeim. Það er ódýrara að baka brauð sjálfur en að kaupa það úti í búð svo það er hagkvæmt að gera nokkur brauð og eiga í frysti. ■



Osso buco er vinsæll réttur á Ítalíu og víðar um heiminn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Dýrindis osso buco fyrir sælkera

Matarvenjur breytast eftir árstíðum og þegar veturinn er skollinn á eru matar-miklir réttir sem bragð er af vinsælir. Þeir ylja kroppnum og gleðja bragðlaukana.

sjofn@frettabladid.is

Einn ítalskur réttur hefur notið óhemjumikilla vinsælda og er einn þekktasti rétturinn sem kemur frá Norður-Ítalíu. Hér á landi hefur hann slegið í gegn á köldum vetrardögum. Það er hinn frægi osso buco sem um ræðir. Ítalir notar gjarnan kálfaskanka í þennan rétt en hér á landi verða nautaskankar oftast nær fyrir valinu. Þeir smellpassa í þennan rétt.

Þegar osso buco er eldað er mikilvægt að gefa sér góðan tíma í eldamennskuna og leyfa ástríðunni og natni að ráða för. Það sér enginn eftir því að gefa sér tíma í að elda þennan dásamlega rétt sem er hreinn unaður að njóta.

### Osso buco á ítalska vísu fyrir 6

6-8 sneiðar af osso buco  
2-3 skalottlaukar, saxaðir  
3 stönglar selleri, saxaðir í teninga  
3 gulrætur, saxaðir í teninga eða skornar í flisar  
3 litlir hvítlaukar, þessir í körfunum, saxaðir

Þegar osso buco er eldað er mikilvægt að gefa sér góðan tíma í eldamennskuna og leyfa ástríðunni og natni að ráða för.

3 greinar timian, 3 greinar rós-marín, 3 lárviðarlauf, allt bundið saman í knippi  
½ búnt steinselja, smátt skorin  
1 dós heilir tómatar  
½ dós saxaðir tómatar  
6 dl kjúklingasoð  
2 dl hvítvín, meðal þurrt  
Ólífuolía eftir smekk fyrir steikingu  
Salt og pipar eftir smekk

Allra best er að elda osso buco í stórum potti eða fati sem má setja í ofn, helst úr pottjarni. Hitið 1-2 matskeiðar af ólífuolíu í pottinum og steikið kjötsneiðarnar í 3 mínútur á hvorri hlið. Saltið og piprið eftir smekk.

Takið kjötið frá og geymið

meðan grænmetið er steikt og sósan gerð. Steikið skalottlauk, selleri, gulrætur og hvítlauk í um það bil 5 mínútur í pottinum. Bætið síðan við tómötunum og sjóðið í um það bil 3 mínútur. Hrærið reglulega.

Bætið við hvítvíni, 3 dl af kjúklingasoðinu, kryddjurtunum, steinseljunni og loks kjötsneiðunum. Látið malla í tvær klukkustundir við vægan hita. Þá má líka fara aðra leið og setja pottinn eða fatið inn í bakarofn. Þá setjið þið lokið á pottinn og setjið inn í 200°C heitan ofn. Eldið og hafið inni í ofninum um það bil 2 klukkustundir.

Vert er að snúa kjötbítunum við í pottinum einu sinni til tvisvar á þessum tíma og bæta við kjúklingasoði eftir þörfum. Soðið á að þekja kjötið að um þremur fjórðu allan tímann og umlykja grænmetið.

Eftir tvo klukkutíma ætti kjötið að vera orðið meyrnt og fint. Áður en rétturinn er borinn fram er kryddknippið tekið frá og það er í góðu lagi að bera réttinn fram í pottinum eða fatinu sem það er eldað í.

Með þessum rétti er ekki nauðsynlegt að vera með meðlæti en þú er hægt að vera með dýrindis heimalagaða kartöflumús, risotto að hætti Ítala eða nýtt smalki. Svo er bara að njóta við kertaljós í góðum félagskap. ■

## Þessa matvöru má frysta

thordisg@frettabladid.is

Til að koma í veg fyrir að matur lendi í ruslinu er ráð að frysta hann. Þannig má til dæmis frysta avókadó, ferska tómata, ost, rjómaost, smjör, hvítlauk, chili og banana.

Áður en avókadó fer í frysti þarf að fjarlægja stein og hýði. Þá er gott að skera það í tvo til fjóra bita og pakka í plastfilmu eða setja í plastbox. Gott ráð er líka að mauka það og frysta í litlum skömmtum.

